

# Stjórnartíðindi

## 2005 - B-deild - B8-12

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# ***Stjórnartíðindi***

***B 8-12***

***Nr. 55-123***

# ***2005***

## Efnisyfirlit B 8–12 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
55	17. jan.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 575, 7. júlí 2004, um loðnuveiðar íslenskra skipa 2004/2005 .....	65
56	21. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 411/2004 um ýmis aðskotaefni í matvælum .....	66
57	24. jan.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík .....	67
58	25. jan.	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi .....	67-68
59	24. jan.	Auglýsing um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta .....	68-77
60	20. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 575, 7. júlí 2004, um loðnuveiðar íslenskra skipa 2004/2005 .....	78
61	24. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, íbúðarbyggð og miðbær á Norðurbakka .....	79
62	24. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Hlíðarendi, Reykjavík .....	79-80
63	25. jan.	Reglugerð um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs-fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2005 .....	80-85
64	14. jan.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Ísafjarðarbæ .....	85-86
65	11. jan.	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 4/2005 á reglum um endurskoðun á fyrirframgreiðslu þinggjalda og jöfnunargjalds á árinu 2005	87
66	13. jan.	Auglýsing um deiliskipulag frístundalóðar í landi Úlfarsfells II við Hafravatn, Mosfellsbæ .....	87
67	13. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, Austurvegur 69 .....	88
68	13. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022, svæði utan fiskimjölsverksmiðju .....	88
69	13. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017, Hulduhóll .....	88-89
70	13. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frístundabyggð í landi Syðri-Brúar ...	89
71	13. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Rangárpings ytra 2002-2014, Galtalækur 2 .....	89-90
72	19. jan.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Vindás, Alftanesi .....	90
73	13. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1996-2016, Dalbæjarland .....	90
74	13. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Rangárpings ytra 2002-2014, Neðra-Sel .....	91
75	13. jan.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Rangárpings ytra 2002-2014, Reiðholt í landi Haga .....	91
76	19. jan.	Auglýsing um deiliskipulag í Eyja- og Miklaholtshreppi .....	92
77	10. jan.	Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna .....	92
78	7. jan.	Auglýsing um skrá Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis skv. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	93

# STJÓRNARTÍÐINDI B 8 – 2005

---

17. janúar 2005

65

Nr. 55

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 575, 7. júlí 2004,  
um loðnuveiðar íslenskra skipa 2004/2005.**

1. gr.

Í stað: „224,138 lestir“ í 2. mgr. 2. gr komi: 780.788 lestir.

2. gr.

Í stað 1. og 2. málslíðs 2. mgr. 5. gr. komi tveir nýir málslíðir er orðast svo: Óheimilt er að dæla afla úr nót veiðiskips um borð í flutningaskip eða vinnsluskip eða flytja óvigtaðan afla milli skipa nema með sérstöku leyfi Fiskistofu. Fiskistofa skal einungis gefa slíkt leyfi að talið sé tryggt að vigtun og skráning afla fari fram með fullnægjandi hætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. janúar 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

---

*Jón B. Jónasson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 9 – 2005

Nr. 56

66

21. janúar 2005

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 411/2004 um ýmis aðskotaefni í matvælum.

1. gr.

Við viðauka I bætast eftirfarandi hámarksgildi fyrir PCB efni:

<i>Aðskotaefni:</i>	<i>Matvæli:</i>	<i>Hámarksgildi:</i>
<b>PCB efni<sup>1</sup></b>	Fiskur og fiskvörur Kjöt og kjötvörur	0,2 mg/kg 0,02 mg/kg

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, nr. 7/1998. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 21. janúar 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

<sup>1</sup> Af hámarksgildi PCB efna, mega einstök efni ekki fara yfir neðangreind mörk, miðað við 10% fitu í matvæluunum. Sjá ennfremur skýringar við viðauka 2.

2, 4, 4' -triklórbifenyl(28)	0,06 mg/kg
2, 2', 5, 5' -tetraklórbifenyl(52)	0,01 mg/kg
2, 2', 4, 5, 5' -pentaklórbifenyl(101)	0,02 mg/kg
2, 3', 4, 4', 5 -pentaklórbifenyl(118)	0,02 mg/kg
2, 2', 3, 4, 4', 5' -hexaklórbifenyl(138)	0,02 mg/kg
2, 2', 4, 4', 5, 5' -hexaklórbifenyl(153)	0,02 mg/kg
2, 2', 3, 4, 4', 5, 5' -heptaklórbifenyl(180)	0,02 mg/kg
Aðrir PCB - ísómerar	0,06 mg/kg

# STJÓRNARTÍÐINDI B 10 – 2005

24. janúar 2005

67

Nr. 57

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

*Skógarhlíð 14.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 8. desember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skógarhlíð 14. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Lindargata 27 og 29.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 12. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Lindargötu 27 og 29.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 24. janúar 2005.*

**Helga Bragadóttir.**

25. janúar 2005

Nr. 58

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 9, Smáraflöt 3 og 5.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. desember 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasa 9 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin nær til lóðanna Smáraflöt 3 og 5. Lóðamörk eru færð á milli þessara lóða og jafna stærð þeirra. Felld verða út ákvæði um bílgeymslur og í stað þeirra komi hávaða- og skjólmön á hornið. Svæðið sem myndast verður nýtt undir sameiginlegt leiksvæði barna fyrir framangreindar lóðir. Kvöð sú sem var á þessum lóðum, um sameiginlega innakstursgötu verður áfram og við bætist þetta sameiginlega leiksvæði barna. Eigendur sjá um að reka umrædd svæði.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 25. janúar 2005.*

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

**Þorvaldur Vestmann.**

## AUGLÝSING

### um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorsk- ígildislestum til stuðnings byggðarlögum, staðfestir ráðuneytið eftirfarandi úthlutunarreglur þessara sveitarfélaga:

#### 1. Akureyrarbær.

1. Afla sem úthlutað er á grundvelli úthlutunar byggðakvóta Akureyrarkaupstaðar er skylt að vinna í Hrísey. Það telst vinna þegar afli er fullunninn í fiskvinnslum í Hrísey.
2. Umsókn um byggðakvóta skal skilað á skrifstofur Akureyrarkaupstaðar fyrir 1. febrúar 2005. Einnig má skila umsókn á netfangið [jonbirgir@akureyri.is](mailto:jonbirgir@akureyri.is).
3. Með umsókn um byggðakvóta skal fylgja staðfesting fiskverkunar í Hrísey um að afli verði unninn þar. Gerð skal grein fyrir á hvaða tímabili umsækjandi hyggst veiða/landa úthlutuðum byggðakvóta. Jafnframt skulu tilgreindar upplýsingar um hve mikið af aflaheimildum umsækjandi hyggst leggja á móti byggðakvóta. Öllum afla samkvæmt þessari grein skal landað fyrir lok fiskveiðiárs.
4. Rétt til úthlutunar byggðakvóta hafa skip sem skráð hafa verið með heimahöfn í Hrísey árið 2004 eða skip sem lönduðu afla sínum þar á því ári. Miðað er við skráningu Fiskistofu þann 31. desember 2004.
5. Bátum sem úthlutað er byggðakvóta er skylt að leggja til aflaheimildir að lágmarki til jafns við úthlutaðan byggðakvóta sem einnig verði unninn í fiskvinnslu í Hrísey og skoðast móttekin umsókn sem staðfesting viðkomandi á því að það verði gert.
6. Fullnægi fleiri en eitt skip þessum skilyrðum skal byggðakvótanum skipt að 1/3 jafnt á öll skip sem uppfylla skilyrði 4. gr. og 2/3 í hlutfalli við þær aflaheimildir sem umsækjandi/skip leggur til í umsókninni.
7. Við verðlagningu afla til fiskvinnsla í Hrísey skal að lágmarki greiða viðmiðunarverð Verðlagsstofu skiptaverðs fyrir þorsk, ýsu og karfa, en fyrir aðrar tegundir sambærilegt verð og algengast er á viðkomandi landsvæði að teknu tilliti til stærðar og gæða.
8. Aflaheimild er ekki framseljanleg og skulu hlutaðeigendur afsala sér henni fyrir 15. júní 2005 geti þeir ekki farið að þeim reglum sem um ráðstöfunina gilda.
9. Þann 10. ágúst 2005 skulu útgerðir þeirra skipa sem úthlutað fá byggðakvóta samkvæmt þessum reglum skila inn skýrslu til Akureyrarbæjar um nýtingu hans. Verði skýrslu ekki

skilað eða ákvæðum þessara reglna um löndun afla ekki fylgt geta viðkomandi bátar átt á hættu að fá ekki úthlutaðan byggðakvóta komi til slíkrar úthlutunar síðar.

10. Um úthlutunina gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 960/2004 um úthlutun á 3.200 þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum.

## **2. Austurbyggð.**

1. Rétt á úthlutun eiga krókaaflamarksbátar og aflamarksskip sem skráð hafa verið með heimahöfn í Austurbyggð fiskveiðiárið 2003-2004 og útgerð hafi þar lögheimili og starfsstöð. Einnig geta bátar/skip átt rétt á úthlutun ef eigendur þeirra hafa átt lögheimili og starfsstöð í Austurbyggð á umræddu tímabili.
2. Úthlutuðum aflaheimildum til Fáskrúðsfjarðar verður eingöngu skipt á milli þeirra skipa/báta sem skráð hafa verið með heimahöfn á Fáskrúðsfirði og úthlutuðum aflaheimildum til Stöðvarfjarðar verður eingöngu skipt á milli þeirra báta/skipa sem skráð hafa verið með heimahöfn á Stöðvarfirði fiskveiðiárið 2003-2004. Litið er þannig á að bátar/skip sem skráð eru í Austurbyggð eigi heimahöfn þar sem lögheimili útgerðar er.
3. Forgang að úthlutun eiga bátar undir 200 brúttótonnum.
4. Umsækjandi skal tilgreina í umsókn hversu miklum aflaheimildum hann óskar eftir og treystir sér til að fara með samkvæmt reglum þessum.
5. Ef umsóknir um veiðiheimildir verða umfram úthlutað aflamark á hvorn stað skal aflaheimildum skipt hlutfallslega milli umsækjenda er uppfylla skilyrði um úthlutun, miðað við það magn sem bátur og/eða útgerð landaði í Austurbyggð á fiskveiðiárinu 2003/2004. Úthlutun verði þó aldrei minni en 5 þorskígildislestir á bát vegna þessa ákvæðis. Aflaheimildum skal fyrst skipt milli báta undir 200 brúttótonnum og því sem þá er eftir skipt milli stærri skipa sem sækja um, á sama grunni og milli minni báta.
6. Umsækjandi, útgerð, bátur eða aðili útgerðar sem hefur áður fengið úthlutað byggðakvóta, á því aðeins rétt á úthlutun nú að hann hafi staðið við reglur sem giltu við fyrri úthlutun. Staðfestar upplýsingar um meðferð áður úthlutaðra aflaheimilda þurfa því að fylgja umsókn.
7. Umsækjandi skal leggja fram gögn um að hann sé eigandi að bátnum er sótt er um aflaheimildir á eða fullgildan samning um leigu á viðkomandi bát.
8. Einungis verði úthlutað til þeirra sem leggja fram samkomulag við fiskvinnslustöð í Austurbyggð um úrvinnslu aflans samkvæmt umsókn. Jafnframt þurfa útgerðir viðkomandi báta/skipa að lýsa yfir vilja sínum til að landa til vinnslu á staðnum þreföldu því magni í þorskígildistonnum sem þeir fá úthlutað. Í lok kvótaárs skal skila staðfestingu frá vinnslu um að umrætt magn hafi borist henni. Við næstu úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2004/2005 við ákvörðun um skiptingu veiðiheimilda.
9. Verði umsækjandi, útgerð, bátur eða aðili útgerðar sem fær úthlutað veiðiheimildum uppvis að því að virða ekki þau skilyrði sem sett eru varðandi vinnslu í sveitarfélaginu fyrirgerir hann rétti sínum til hugsanlegrar úthlutunar næstu 5 árin.

## **3. Árneshreppur.**

1. Úthlutun fari aðeins fram til báta, sem eru í eigu manna, sem eiga lögheimili í Árneshreppi.
2. Aflanum verði landað í höfn (Norðurfirði) í Árneshreppi.

## **4. Blönduósbær.**

1. Blönduósbær áttar að skipta þeim 69 þorskígildislestum sem komið hafa í hlut sveitarfélagsins til báta sem stunda veiðar fyrir fiskvinnslufyrirtæki sem starfrækt eru í



Blönduósbæ. Þannig koma þessi 69 tonn í hlut báta sem gera samning við fiskvinnslustöð í sveitarfélaginu og verður þeim skipt jafnt á umsækjendur sem uppfylla neðangreind skilyrði.

2. Blönduósbær mun auglýsa eftir aðilum til veiða og verður kvótanum úthlutað til jafns milli þeirra báta sem sækja um og gert hafa samkomulag við vinnslustöð í Blönduósbæ. Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði:
  - a) Úthluta skal aflaheimildum til báta sem skráðir eru hjá sveitarfélaginu.
  - b) Bátar sem ekki eru skráðir í sveitarfélaginu en eiga samstarf um veiðar við vinnslustöð á Blönduósi fá úthlutað aflaheimildum liggja fyrir skriflegt samkomulag beggja aðila, þ.e. vinnslustöðvar og bátaeigenda, þar um.
3. Skylt er að vinnsla aflans fari fram innan sveitarfélagsins og ber hlutaðeigandi að skila inn greinargerð til sveitarfélagsins um vinnslu aflans eigi síðar en 1. september 2005.
4. Aflaheimild er ekki framseljanleg og þurfa hlutaðeigendur að afsala sér aflaheimildum geti þeir ekki farið að þeim reglum sem um ráðstöfun þeirra gilda.

### **5. Borgarfjarðarhreppur.**

1. Hreppsnefndin auglýsir eftir umsóknum um byggðakvótann.
2. Kvótanum verður skipt jafnt milli þeirra báta sem skráðir voru og gerðir út frá Borgarfirði í upphafi fiskveiðiársins og sótt hefur verið um byggðakvóta fyrir.
3. Þeir sem fá úthlutað byggðakvóta skuldbindi sig til að leggja hann upp til vinnslu á Borgarfirði. Þá skuldbindi þeir sig enn fremur til að selja ekki eða leigja frá sér aflaheimildir á fiskveiðiarinu umfram það sem þeir kaupa eða leigja til sín.
4. Telji einhver, sem fengið hefur til sín byggðakvóta, sér nauðsynlegt að láta frá sér meiri aflaheimildir en hann fær til sín sbr. 3. tl., þá skal viðkomandi gera hreppsnefndinni grein fyrir því fyrir lok maímánaðar og afsala sér jafnframt byggðakvótanum, sem þá verður skipt milli annarra báta á Borgarfirði sem úthlutun hafa fengið.

### **6. Breiðdalshreppur.**

1. Til þess að bátur/fyrirtæki fái úthlutun skal hann hafa verið með heimili skráð í Breiðdalshreppi 1. september 2004, þó með þeirri undantekningu að ef um breytingu á skipakosti hefur verið að ræða frá 1. september til úthlutunardags, þá skal tekið tillit til þess.
2. Bátur/fyrirtæki sem fær úthlutað byggðakvóta, skal að lágmarki tvöfalda það aflamagn sem hann fær úthlutað, til vinnslu í Breiðdalshreppi.
3. Öllum afla sem úthlutað er sem byggðakvóta til báta skal landað á Breiðdalsvík.
4. Öllum afla sem úthlutað er sem byggðakvóta skal landað til vinnslu á Breiðdalsvík.
5. Gerðir skulu skriflegir samningar milli Breiðdalshrepps og viðkomandi báts/fyrirtækis sem gilda skulu til eins árs í senn.
6. Sækja skal skriflega um byggðakvóta til Breiðdalshrepps með rökstuðningi um hvernig viðkomandi hyggst tvöfalda að minnsta kosti það magn sem sótt er um.

### **7. Djúpivogur.**

1. Úthlutuðum veiðiheimildum verði eingöngu skipt milli þeirra skipa sem skráð voru með heimahöfn á Djúpavogi í upphafi fiskveiðiárs 2004/2005, enda séu útgerðarmenn með lögheimili í sveitarfélaginu. Hafi eigendur eldri skipa endurnýjað þau, áður en umsóknarfrestur rennur út, gildir sama regla.
2. Miðað skal við að hámarksstærð fiskiskipa, sem úthlutun fá, sé takmörkuð við 15 brl.
3. Einungis verði úthlutað til útgerða þeirra skipa, sem leggja fram eigi síðar en 15. febrúar 2005 skriflegt samkomulag við vinnslustöð/vinnslustöðvar á Djúpavogi um úrvinnslu aflans skv. úthlutuðum heimildum og jafnframt að viðkomandi útgerð muni

leggja upp áttfaldan byggðakvóta (þó að hámarki úthlutuðum kvóta í upphafi fiskveiðiárs, og eftir atvikum að teknu tilliti til bóta og geymslukvóta milli ára, sbr. 5. gr.) að meðtöldum úthlutuðum byggðakvóta til sömu vinnslustöva(r). Þá skuldbindi útgerðir sig í umsókn til að selja ekki eða leigja frá sér úthlutaðan kvóta á fiskveiðiárinu umfram það sem þær kaupa eða leigja til sín til hagræðingar þ.e. skipta sambærilegu magni miðað við þorskígildi fyrir aðra(r) tegund(ir), sem henta(r) betur útgerð viðkomandi skips. Á grundvelli samnings við fiskvinnslu sækir útgerð um byggðakvóta til sveitarstjórnar eigi síðar en 15. febrúar 2005. Sé mismunur á afla umfram áttfaldan kvóta og úthlutuðum grunnkvóta (í þorskígildum) að viðbættum byggðakvóta komið til vinnslu í öðru byggðarlagi, þarf viðkomandi útgerð að geta sýnt fram á að vinnslustöðvum á Djúpavogi hafi fyrst verið gefinn kostur á að kaupa umræddan afla.

4. Þegar fyrir liggur, hvaða skip, sem sótt hefur um byggðakvóta fyrir, uppfylla ákvæði 1.-4. gr. úthlutar sveitarstjórn eigi síðar en 28. febrúar 2005 heildarmagni byggðakvóta á fiskveiðiárinu til þeirra báta, sem undir reglurnar falla í sama hlutfalli miðað við þorskígildi og sömu bátar fengu úthlutað aflamarki í upphafi fiskveiðiárs 2004/2005. Einingis verður tekinn inn í hlutfallsreikninginn sá hluti hugsanlegs kvóta, sem fluttur er milli ára, eða kemur sem batur frá sjávarútvegsráðuneyti vegna fyrri ára – og eingöngu að hámarki mismunur á áttföldum kvóta og kvótastöðu í þorskígildum 30. desember 2004, hafi viðkomandi skip við setningu reglnanna landað þann dag meiri afla til vinnslu utan byggðarlagsins en sem nemur mismun á áttföldum afla og úthlutuðum afla kvótaárið 2004/2005.
5. Telji útgerð sér vera nauðsyn á að leigja frá sér eða selja kvóta umfram leigðan kvóta eða keyptan skal hún gera sveitarstjórn grein fyrir því og skila byggðakvótanum aftur til sveitarfélagsins fyrir lok júní 2005. Verður honum þá með sama hætti skipt milli annarra báta sem úthlutun hafa fengið skv. skiptireglu í 5. gr. og ekki hafa fyrirgert rétti sínum á kvótanum skv. reglum þessum. Endurnýi útgerð skip eftir að úthlutun fer fram, getur byggðakvóti hennar flust yfir á hið nýja skip, enda hafi erindi þar að lútandi verið lagt fyrir sveitarstjórn og útgerðin uppfylli að öðru leyti framangreindar reglur.
6. Standi útgerð eða útgerðarmenn ekki við samkomulag við vinnslustöð(-var) og/eða reglur sveitarstjórnar vegna úthlutunar byggðakvóta ársins, koma hlutaðeigandi ekki til greina, þegar úthlutað verður næst.

## 8. Grundarfjörður.

1. Fjórðungi byggðakvótans (34,5 þorskígildistonnnum) verði úthlutað til:  
Aflamarksskipa sem hafa lögheimili útgerðar og útgerðarstjórnar í Grundarfirði, á fiskiskip sem þaðan eru gerð út, í hlutfalli við landaðan afla í Grundarfirði á síðast fiskveiðiári 2003/2004. Við úthlutun skal heildaraflamark einstakra fiskiskipa ekki aukast um meira en 100%, miðað við úthlutun í upphafi fiskveiðiárs 2004/2005 og ekkert fiskiskip skal hljóta meira en 15 þorskígildislestir miðað við óslægðan fisk. Komi minna en 100 þorskígildiskíló í hlut einhvers fiskiskips, samkvæmt framangreindum reglum, fellur úthlutun til þess fiskiskips niður og skiptist hlutur þess milli annarra fiskiskipa frá Grundarfirði. Skilyrði er að aflinn skuli unninn í Grundarfirði. Með umsókn fylgi staðfesting um samning við fiskvinnslu á staðnum.
2. Þrír fjórðu byggðakvótans (103,5 þorskígildistonn) fari til að bæta upp samdrátt vegna banns við skelveiðum á Breiðafirði.  
Reglur við úthlutun samkvæmt þessum lið:
  - a) Rétt til að sækja um úthlutun byggðakvóta hafa útgerðir sem gera út fiskiskip frá Grundarfirði eða starfrækja þar vinnslu afla og hafa aflahlutdeild í hörpuskel á fiskveiðiárinu 2004/2005.

- b) Aflinn skal veiddur af skipum gerðum út frá Grundarfirði.
- c) Umræddur byggðakvóti skal unninn í Grundarfirði, samningur við fiskvinnslu skal fylgja umsókn.
- d) Byggðakvóta samkvæmt umsóknum er uppfylla ofangreind skilyrði skal úthlutað á milli umsækjenda hlutfallslega miðað við aflahlutdeild í hörpuskel.

### 9. Húnaþing vestra.

1. Úthlutun veiðiheimildanna verði skipt milli báta/skipa í eigu útgerða sem lögheimili höfðu í Húnaþingi vestra 1. september 2004.
2. 60% af þorskígildislestum í byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli báta/skipa sem gera út frá Hvammstanga í hlutfalli við landaðan afla þeirra í þorskígildislestum talið í Hvammstangahöfn á fiskveiðiarunum 2002-2003 og 2003-2004. Við úthlutun veiðiheimilda skv. ofangreindu skal enginn bátur/skip hljóta meira en 12 þorskígildislestir miðað við óslægðan fisk.
3. 30% af þorskígildislestum í byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt jafnt milli þeirra báta/skipa sem gera út frá Hvammstanga og orðið hafa fyrir skerðingu aflaheimilda vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa.
4. 10% af þorskígildislestum í byggðakvóta Húnaþings vestra skal skipt jafnt milli þeirra báta/skipa sem sjávarútvegsráðuneytið hefur úthlutað aflaheimildum fyrir fiskveiðiaríð 2004-2005.
5. Verði byggðakvótanum ekki öllum úthlutað samkvæmt ofangreindum reglum, skal úthluta því sem eftir stendur skv. ákvæðum 2. liðar.
6. Afla sem úthlutað er samkvæmt reglum þessum skal landað á Hvammstanga.

### 10. Höfðahreppur.

1. Úthlutuðum veiðiheimildum verði skipt eingöngu milli þeirra útgerðaraðila sem áttu lögheimili á Skagaströnd 1. desember 2004 og eiga skip með veiðileyfi, skráð 1. september 2004. Jafnframt er gert að skilyrði að 2/3 hlutar áhafnar skips sem sótt er um fyrir, hafi átt lögheimili á Skagaströnd 1. desember 2004.
2. Miðað skal við að stærð fiskiskipa sem hljóta úthlutun sé takmörkuð við 250 brl.
3. Einungis verði úthlutað til þeirra sem leggja fram undirritaðan samning við vinnslustöð á Skagaströnd um úrvinnslu aflans skv. úthlutuðum heimildum. Í samningnum skal tiltekið hvers konar úrvinnslu um er að ræða svo og yfirlýsing um að samkomulag sé um fiskverð. Þá skal viðkomandi útgerð skuldbinda sig til að leggja eitt tonn á móti hverjum tveimur sem úthlutað er af byggðakvóta til vinnslu á Skagaströnd. Við gerð samkomulags um löndun afla vegna byggðakvótans skal við það miðað að honum hafi verið landað samkvæmt samkomulaginu fyrir 1. desember 2005. Jafnframt skal viðkomandi útgerð sýna fram á með óyggjandi hætti að staðið hafi verið við samkomulag um löndun byggðakvóta síðasta fiskveiðiárs ef slíkt samkomulag hefur verið gert. Hafi ekki verið staðið við löndun afla er réttur áskilinn til að skerða úthlutun sem því nemur.
4. Við úthlutun veiðiheimildanna verði miðað við tvo flokka. Annars vegar þá sem hafa tapað veiðiheimildum vegna samdráttar í rækjuveiðum og hins vegar almenn úthlutun til útgerða báta með aflamark.
  - a) Byggðakvóti til báta með leyfi til veiða á innfjarðarækju í Húnaflóa. Kvóta sem nemur 100 þorskígildislestum verður úthlutað til þeirra sem hafa yfir að ráða heimildum til innfjarðarækjuveiða enda uppfylli þeir skilyrði 1.-3. gr. reglna þessara. Skal kvótanum skipt hlutfallslega eftir veiðiheimildum til rækjuveiða innfjarðar á Húnaflóa eins og þær voru 1999-2000. Umræddum kvóta verði skipt milli þeirra útgerða sem stunduðu innfjarðarækjuveiðar á tímabilinu og enn gera út frá Skagaströnd.

- b) Byggðakvóti til báta með aflamark. Kvóta sem nemur 38 þorskígildislestum verður úthlutað til báta sem uppfylla skilyrði 1.-3. gr. reglna þessara og skal skipta framangreindum heimildum jafnt á milli hæfra umsækjenda.

### 11. Kaldrananeshreppur.

1. Úthlutuðum byggðakvóta Kaldrananeshrepps sbr. rgl. nr. 960/2004 í þorski skal landað og hann unninn í Kaldrananeshreppi.
2. Byggðakvóta skal skipt jafnt milli báta og skulu útgerð og meirihluti áhafnar eiga lögheimili í Kaldrananeshreppi.
3. Útgerð báts sem fær úthlutað byggðakvóta má hvorki leigja né selja af eigin aflaheimildum í þorski á fiskveiðiárinu 2004/2005.
4. Aðeins einn bátur frá sömu útgerð getur fengið byggðakvóta.
5. Útgerðir skulu í einu og öllu fara að þeim skilyrðum sem hér koma fram, þar á meðal skulu forráðamenn þeirra skrifa undir samkomulag við Kaldrananeshrepp um að þær afsali sér byggðakvótanum fari þær eða geti þær ekki farið að þeim reglum sem um úthlutun byggðakvótans gilda. Þá fyrirgera útgerðir sem ekki fara að skilyrðum reglnanna rétti sínum til hugsanlegrar úthlutunar á næsta ári.
6. Útgerðir leggi fram skriflegt samkomulag við fiskvinnslur í Kaldrananeshreppi um vinnslu þeirra aflaheimilda sem þeim verður úthlutað skv. þessum reglum og að þær leggi fram 5 kíló af þorski fyrir hvert kíló sem þeim er úthlutað af byggðakvóta Kaldrananeshrepps.
7. Útgerðir sem samþykkja þessar reglur og uppfylla framangreind skilyrði eiga kost á byggðakvóta saki þær um fyrir 15. febrúar 2005.

### 12. Ólafsfjarðarbær.

1. Úthlutuðum byggðakvóta Ólafsfjarðarbæjar skal landað og hann unninn í Ólafsfirði.
2. Útgerðaraðilar aflamarksbáta og krókaaflamarksbáta undir 20 tonnum sem skráðir eru í Ólafsfirði þegar sótt er um eiga rétt til úthlutunar.
3. Ólafsfjarðarbær mun auglýsa eftir umsóknum. Þær skulu berast bæjarstjóra fyrir 10. febrúar 2005.
4. Umsókn skal fylgja samningur við fiskvinnslufyrirtæki í Ólafsfirði um vinnslu aflans. Framsal til fiskverkenda eða fyrirtækja annarra en samningurinn tekur til er óheimilt.
5. Úthlutun aflaheimilda á einstaka útgerð sem uppfylla reglur þessar skal vera a.m.k. 5 þorskígildistonn.
6. Því sem eftir er verður skipt í hlutfalli við úthlutað aflamark og krókaaflamark umsækjenda á fiskveiðiárinu 2004/2005.
7. Úthlutaður byggðakvóti er ekki framseljanlegur en heimilt er að skipta á jöfnu á markaðsvirði á öðrum tegundum en þorski án þess að það teljist framsal á úthlutuðum aflaheimildum.
8. Áskilið verði í samkomulagi við hlutaðeigandi að hann afsali sér aflaheimildunum geti hann ekki farið að þeim reglum sem um ráðstöfun þeirra gilda.

### 13. Raufarhafnarhreppur.

1. Fyrir hvert kíló af þorski sem bátur fær í byggðakvóta skal leggja fram tvö kíló af þorski á móti af eigin aflaheimildum. Þeim afla skal landa til vinnslu á Raufarhöfn. Skal undirrituð staðfesting fiskvinnslu um samstarf fylgja umsókninni. Öðrum tegundum en þorski er útgerðinni frjálst að ráðstafa. Þó skal landa a.m.k. 75% af aflaheimildum í þorski viðkomandi báts í gegnum hafnarvog á Raufarhöfn.

2. Útgerð báts sem fær úthlutað byggðakvóta má hvorki leigja eða selja af eigin aflamarksheimildum (miðað við upphaf kvótaárs) í þorski á fiskveiðiárinu 2004/2005. Bátur skal fyrst landa eigin aflamarksheimildum í þorski áður en byggðakvóti er færður á viðkomandi bát. Þó skal tekið tillit til leyfilegs magns sem skv. lögum má geyma milli ára.
3. Aðeins einn bátur frá sömu útgerð getur fengið byggðakvóta og skal báturinn hafa verið gerður út frá Raufarhöfn undanfarið ár og ekki verði breyting þar á. Þá skal og áhöfn báts vera með lögheimili á Raufarhöfn. Sé sótt um undanþágu frá skilyrði um lögheimili skal hún vel rökstudd í umsókn.
4. Fyrir 1. júlí 2005 skulu útgerðir þeirra báta sem fengið hafa byggðakvóta gera sveitarstjórn skriflega grein fyrir því hvernig þeir muni nýta úthlutaðar aflaheimildir fyrir lok fiskveiðiárs. Geti hlutaðeigandi ekki fylgt reglum sveitarstjórnar skal hann afsala sér byggðakvótanum, sem síðan verður endurúthlutað.
5. Umsóknarfrestur um byggðakvóta er til 27. janúar 2005 og verður öllum umsóknum svarað fyrir 7. febrúar 2005. Verði á næsta ári úthlutað byggðakvóta með svipuðum hætti og í ár mun sveitarstjórn hafa reynslu þessa árs til hliðsjónar.

#### 14. Skagafjörður.

1. Úthluta skal samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 960/2004 um úthlutun á 3.200 þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, þó þannig að einungis bátar sem skráðir eru frá Hofsósi 1. desember 2004 komi til greina.

#### 15. Skeggjastaðahreppur.

1. Réttur til úthlutunar – skilyrði.
  - a) Sækja þarf um byggðakvóta til sveitarstjórnar vegna einstakra báta fyrir 1. febrúar 2005.
  - b) Úthlutaðum veiðiheimildum verði skipt jafnt á milli þeirra báta sem skráðir hafa verið með heimahöfn í Skeggjastaðahreppi á sl. fiskveiðiári.
  - c) Einnig eiga bátar rétt á úthlutun ef eigendur þeirra hafa átt lögheimili og starfsstöð í Skeggjastaðahreppi á umræddum tíma.
  - d) Þá er það skilyrði sett að bátur hafi landað a.m.k. 50% af afla síðasta fiskveiðiárs í Bakkafjarðarhöfn
  - e) Einungis aflamarksskip undir 100 brúttótonnum og krókaaflamarksbátar eiga rétt á úthlutun.
2. Úthlutunarreglur.
  - a) Þeir sem fá úthlutað byggðakvóta skuldbinda sig til að leggja allan sinn afla upp til vinnslu á Bakkafirði.
  - b) Undantekningu má gera frá þessari reglu ef ekki er kaupandi að aflanum á Bakkafirði eða ef ekki fæst markaðsverð á staðnum.
  - c) Þá skuldbindi þeir sig ennfremur til þess að selja eða leigja ekki frá sér aflaheimildir á fiskveiðiárinu umfram það sem þeir leigja eða kaupa til sín.
  - d) Telji einhver, sem hefur fengið til sín byggðakvóta, sér nauðsynlegt að láta frá sér meiri aflaheimildir en þeir fá til sín sbr. 2. tl. þá skal viðkomandi gera fyrir lok mánaðar sveitarstjórn grein fyrir því og afsala sér jafnframt byggðakvótanum, sem þá verður skipt milli annarra báta sem úthlutun hafa fengið.

**16. Snæfellsbær.**

1. Þeir sem koma til greina við úthlutun á kvótanum eru aflamarksskip sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
  - a) Aflamarksskip sem skráð voru í Ólafsvík/á Rifi þann 1. september 2004.
  - b) Aflamarksskip þarf að hafa landað afla í Ólafsvík/á Rifi á tímabilinu 1. september – 1. desember 2004.
  - c) Afla sem úthlutað er samkvæmt þessari reglu er skylt að landa til vinnslu innan Snæfellsbæjar.
  - d) Samningur við fiskvinnslu þarf að fylgja umsókninni.
  - e) Einungis þau aflamarksskip sem hafa yfir að ráða 10 þorskígildistonnum eða meira koma til greina við úthlutun.
2. Allir þeir sem óska eftir að fá úthlutað aflaheimildum samkvæmt ofangreindum skilyrðum, þurfa að sækja um það skriflega til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar fyrir 10. febrúar 2005.

**17. Súðavíkurhreppur.**

1. Úthlutað skal til aflamarksskipa og krókaaflamarksbáta.
2. Bátum/skipum sem úthlutað er byggðakvóta er skylt að leggja til aflaheimildir í bolfiski að lágmarki til jafns við úthlutaðan byggðakvóta og skoðast móttekin umsókn um byggðakvóta sem staðfesting á því að það verði gert.
3. Til að eiga rétt á úthlutun byggðakvóta skulu bátar/skip vera skráð og hafa verið með heimahöfn í Súðavík 1. september 2004 og einnig útgerð báta/skipa skulu vera og hafa verið með skráð lögheimili í Súðavíkurhreppi 1. september 2004.
4. Skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta eru að þeir bátar/skip landi afla sínum, sem nemi úthlutuðum byggðakvóta í Súðavík og getur úthlutun á hvern bát/skip numið allt að 80 þorskígildistonnum.
5. Úthlutuðum byggðakvóta og mótramlag skal unnið í Súðavík. Skila skal inn með umsókn um byggðakvóta, annað hvort samkomulagi við fiskvinnslustöð í Súðavík eða upplýsa á annan hátt hvernig vinnslu aflans muni verða háttáð og mun sveitarstjórn taka afstöðu til hvernar umsóknar fyrir sig.
6. Við úthlutun til báta/skipa skal taka tillit til úthlutaðra aflaheimilda og bóta vegna rækju fyrir fiskveiðiárið 2004/2005.
7. Öllum afla samkvæmt þessum reglum skal landað fyrir lok fiskveiðiársins 2004/2005.
8. Fyrir 1. maí 2005 skulu útgerðaraðilar sem fengið hafa byggðakvóta gera sveitarstjórn skriflega grein fyrir því hvernig þeir muni nýta úthlutaðar aflaheimildir fyrir lok fiskveiðiársins. Geti hlutaðeigandi ekki fylgt reglum sveitarstjórnar skal hann afsala sér úthlutuðum byggðakvóta, sem síðan verður endurúthlutað.
9. Fylgi útgerðaraðili ekki þeim skilyrðum, sem sett eru varðandi vinnslu afla í Súðavík, fyrirgerir hann rétti sínum til hugsanlegrar úthlutunar á næsta ári, að óbreyttum reglum.

**18. Vopnafjarðarhreppur.**

Reglurnar taka mið af eftirfarandi atriðum:

1. Reglugerð nr. 960, 6 desember 2004, þó þannig:
  - a) Ekkert skip getur fengið meira en 15 tonn.
  - b) Skip stærri en 1000 brúttótonn fá ekkert.
  - c) Skip sé skráð á Vopnafirði við upphaf kvótaárs 2004/2005 og sé það enn 31. desember 2004.

- d) Úthlutun miðast við aflahlutdeildir, sem bundnar eru við skip 31. desember 2004 skv. upplýsingum frá Fiskistofu og hvað þær gefa í þorskígildum talið, miðað við heildarkvóta fiskveiðisársins 2004/2005.
- e) Allur kvótinn skal veiddur af viðkomandi bátum og hann unninn á Vopnafirði.

### 19. Þórshafnarhreppur.

1. Byggðakvóta skal úthluta í tvennu lagi. Annars vegar til nýrra útgerða, allt að 5 þorskígildistonn á hvern bát og hins vegar til þeirra báta sem gerðir eru út frá Þórshöfn, landað hafa afla þar og hafa veitt allan sinn kvóta á liðnu fiskveiðisári. Þá skal og áhöfn báts vera með lögheimili á Þórshöfn. Sé sótt um undanþágu frá skilyrði um lögheimili skal hún vel rökstudd í umsókn.
2. Skilyrði er að viðkomandi útgerð flytji ekki af viðkomandi báti aflamark nema sem skipti á aflamarki. Útgerð skal fyrst landa eigin aflaheimildum áður en byggðakvóti verður færður á bát viðkomandi. Við úthlutun byggðakvóta koma aðeins þær útgerðir til greina þar sem um aðalatvinnu útgerðaraðila og áhafnar er að ræða.
3. Að frádregnum úthlutunum vegna nýrra útgerða skiptist byggðakvóti Þórshafnarhrepps milli einstakra báta þannig að 70% miðast við stærð báta en 30% skiptast jafnt. Engri einstakri útgerð skal þó úthlutað meiru en sem nemur 25 þorskígildistönum.
4. Hver útgerð sem úthlutað verður byggðakvóta skal landa a.m.k. tvöfalt meiri afla (tonn á móti tonni) en sem nemur byggðakvótanum til vinnslu á Þórshöfn. Í umsókn skal gera nánari grein fyrir þessum þætti (t.d. aðgerðarþjónusta, eigin vinnsla o.fl.).
5. Ný útgerð telst sú útgerð sem hafin hefur verið innan síðustu þriggja ára, hefur fjárfest í aflahlutdeildum og stefna viðkomandi útgerðaraðila er að hafa aðalatvinnu sína af rekstri viðkomandi útgerðar. Leggja skal fram gögn til staðfestingar framangreindu s.s. kvittanir vegna kaupa aflahlutdeilda og áætlanir um rekstur.
6. Sækja skal sérstaklega um vegna nýrrar útgerðar, samkvæmt ofangreindum lið. Þær útgerðir sem fá úthlutun samkvæmt lið 5 eiga jafnan rétt og aðrar til úthlutunar samkvæmt lið 3.
7. Fyrir 1. júní 2005 skulu útgerðir þeirra báta sem fengið hafa byggðakvóta gera sveitarstjórn skriflega grein fyrir því hvernig þeir muni nýta úthlutaðan aflaheimildir fyrir lok fiskveiðisárs. Geti hlutaðeigandi ekki fylgt reglum sveitarstjórnar skal hann afsala sér byggðakvótanum, sem síðan verður endurúthlutað.

### 20. Ölfus.

1. Úthlutuðum veiðiheimildum verði eingöngu skipt milli þeirra skipa sem skráð voru með heimahöfn í Þorlákshöfn 31. desember 2004, enda séu útgerðir þeirra með lögheimili/starfsstöð í sveitarfélaginu. Jafnframt þurfa útgerðir viðkomandi báta/skipa að lýsa yfir vilja sínum til að landa til vinnslu á staðnum því magni sem þeir fá úthlutað.
2. Úthlutuðum veiðiheimildum skal skipt milli fiskiskipa í hlutfalli við landaðan afla kvótaárið 2003/2004. Miða skal við gögn frá Fiskistofu um landaðan afla fiskiskipa fiskveiðisárið 2003/2004.
3. Úthlutað verður til útgerða þeirra skipa, sem sækja um skriflega eigi síðar en 10. febrúar 2005 til bæjarstjórnar um hlut í úthlutuðum fiskveiðiheimildum. Á grundvelli umsókna úthlutar bæjarstjórn eigi síðar en 25. febrúar 2005 heildarmagn byggðakvóta á fiskveiðisárinu til þeirra báta sem undir reglurnar falla í sama hlutfalli miðað við landaðan afla fiskveiðisárið 2003/2004.

**21. Öxarfjarðarhreppur.**

1. Úthlutaður byggðakvóti verði unninn á Kópaskeri, verði því viðkomið þ.e.a.s. svo fram- arlega sem á Kópaskeri verði starfandi fiskvinnsla (vinnsla í þessu tilfelli telst t.d. flokkun og þökkun sem og önnur hefðbundin vinnsla þ.e.a.s. flökun, frysting, söltun o.s.frv.).
2. Bátum sem úthlutað er byggðakvóta er skylt að leggja til aflaheimildir að lágmarki til jafns við úthlutaðan byggðakvóta og skoðast móttekin umsókn sem staðfesting viðkom- andi á því að það verði gert. Öllum afla samkvæmt þessari grein skal landað fyrir lok fiskveiðiárs. Bátur skal fyrst landa eigin aflaheimildum áður en byggðakvóti er færður á viðkomandi bát.
3. Úthlutaður byggðakvóti er ekki framseljanlegur en heimilt er að skipta á jöfnu á mark- aðsvirði á öðrum tegundum en þorski án þess að það teljist framsal á úthlutuðum afla- heimildum. Framselji útgerðir aflaheimildir á yfirstandandi fiskveiðiári skulu þær afsala sér sambærilegu magni af byggðakvótanum, sem úthlutað verður að nýju af sveitar- stjórn.
4. Umsóknarfrestur um byggðakvóta er til 2. febrúar 2005 og skal öllum umsóknum svarað fyrir 9. febrúar 2005. Umsóknir skulu hafa borist fyrir kl. 17:00 á skrifstofu sveitarfé- lagsins 2. febrúar 2005. Sveitarstjórn skiptir kvótanum jafnt á milli umsækjenda en þó verður aldrei minna en 50% kvótans úthlutað til heimabáta, þessi liður kann þó að verða tekinn til endurskoðunar í ljósi fjölda umsókna.
5. Þann 1. ágúst 2005 skulu útgerðir þeirra skipa sem úthlutað fá byggðakvóta samkvæmt þessum reglum skila inn greinargóðri skýrslu um nýtingu hans.
6. Með umsókn um veiðiheimildir skv. reglum þessum samþykkir viðkomandi þá skilmála sem reglurnar fela í sér. Útgerðir skulu að einu og öllu fara að þeim skilyrðum sem hér koma fram, þar á meðal skulu forráðamenn þeirra skrifa undir samkomulag við Öxar- fjarðarhrepp um að þær afsali sér aflaheimildum fari þær eða geti ekki farið að þeim reglum sem um úthlutun byggðakvótans gilda. Þá fyrirgera útgerðir sem ekki fara að skilyrðum reglnanna rétti sínum til hugsanlegrar úthlutunar á næsta ári, að óbreyttum reglum.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. janúar 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

---

*Jón B. Jónasson.*



## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 575, 7. júlí 2004, um loðnuveiðar íslenskra skipa 2004/2005.

#### 1. gr.

Við 5. mgr. bætist ný málsgrein er orðast svo: Öllum loðnuafli skal landað innanlands og hann veginn í innlendri höfn. Þó er Fiskistofu heimilt að veita leyfi til löndunar á loðnu til bræðslu og heilfrystri loðnu erlendis sé talið tryggt að vigtun og skráning afla fari fram með fullnægjandi hætti.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. janúar 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Jón B. Jónasson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 2005

24. janúar 2005

79

Nr. 61

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, íbúðarbyggð og miðbær á Norðurbakka.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að meginhluti hafnarsvæðis á Norðurbakka breytist í íbúðarsvæði en svæði næst miðbæ breytist í blandað íbúðar- og miðsvæði. Bryggja og hafnarkantur í suðurjaðri svæðisins verða áfram skilgreind sem hafnarsvæði. Miðsvæði norðan Vesturgötu og vestan Merkur götu breytist í íbúðarsvæði og miðsvæði sunnan Vesturgötu og vestan Fjarðargötu (bensínstöð) breytist í blandað íbúðar- og miðsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 24. janúar 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

24. janúar 2005

Nr. 62

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001–2024, Hlíðarendi, Reykjavík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að heimilt verður að þétta byggð um 170 íbúðir á miðsvæði M5 við Hlíðarenda, á milli Bústaðavegar og Hlíðarfótar.

Gutenberg

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 24. janúar 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2005.**

### I. KAFLI

#### **Almenn ákvæði.**

##### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa á svæði sem nefnt er „samningssvæðið“ í samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar í Norðvestur-Atlantshafi, sbr. auglýsingu nr. 17 í C-deild Stjórnartíðinda 29. desember 1978. Vísað er til viðauka III við þann samning um skiptingu þess svæðis í vísindaleg og tölfræðileg undirsvæði (tilgreind með tölustöfum), deilissvæði (hlutar undirsvæðis tilgreindir með tölustaf og stórum bókstaf) og undirdeilissvæði (hlutar deilissvæðis tilgreindir með litlum bókstaf). Veiðar á samningssvæðinu eru óheimilar íslenskum skipum, án sérstaks leyfis Fiskistofu. Skulu þau leyfi bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að fullnægja skuldbindingum Íslands á grundvelli framangreinds samnings.

##### 2. gr.

Þeim íslenskum fiskiskipum er einum heimilt að stunda veiðar á samningssvæðinu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

##### 3. gr.

Heimilt er að framselja úthlutaða aflahlutdeild og aflamark milli fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. og 5. og 7. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda ekki um aflamark sem úthlutað er samkvæmt þessari reglugerð.

Heimilt er Fiskistofu að afturkalla fyrirvaralaust leyfi skipa til veiða, stundi þau veiðar úr öðrum stofnum en leyfið miðast við.

## 4. gr.

Skipstjóri skips skal tilkynna til Eftirlitsstöðvarinnar með a.m.k. 6 klukkustunda fyrirvara að það fari inn á samningssvæðið. Í tilkynningu skal tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins, áætlaða komu þess inn á svæðið svo og afla um borð. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum.

Á meðan skip er á samningssvæðinu skal skipstjóri tilkynna Eftirlitsstöðinni daglega um afla, tilgreindan í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum.

Þegar skip yfirgefur samningssvæðið skal skipstjóri þess tilkynna Eftirlitsstöðinni það með a.m.k. 6 klukkustunda fyrirvara. Skal í tilkynningu tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins svo og afla um borð í skipinu sem veiddur hefur verið á samningssvæðinu. Enn fremur skal koma fram væntanleg löndunarhöfn og áætlaður komutími til hafnar. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum.

Ef afla skips skal umskipað á meðan það er statt á samningssvæðinu skal skipstjóri þess tilkynna það Eftirlitsstöðinni með a.m.k. 24 klukkustunda fyrirvara. Skal í tilkynningu greina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins svo og afla þann sem umskipa skal. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum. Óheimilt er að skipa um borð í íslensk fiskiskip hvers konar afla af samningssvæðinu sem veiddur er af skipum er sigla undir fána ríkis sem ekki er aðili að NAFO.

Ofangreindar upplýsingar skal skrá á rafrænt eyðublað sem Eftirlitsstöðin leggur til og senda í gegnum fjarskiptabúnað skipsins.

Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga, sbr. 1. málslíð 2. gr., bilar, skal gert við hann við komu í næstu höfn. Þar til búnaðinum verður komið í lag, skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á 6 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar og tilkynna áður en skip fer af einu deilissvæði til annars.

## 5. gr.

Skylt er þeim er veiða á samningssvæðinu eða hafa stundað veiðar á því að veita aðstoð sína til þess að eftirlitsmenn samningsríkja NAFO, sem sýnt geta fram á með skilríkjum að þeir séu til þess bærir, geti komist um borð eftir að skip eða þyrta sem þeir eru um borð í hefur gefið viðeigandi merki á alþjóðlegu merkjamáli um að þeir æski þess að koma um borð.

Um borð í hverju skipi skal vera stigi sem uppfyllir kröfur NAFO og önnur áhöld sem gera eftirlitsmönnum kleift að komast um borð með skjótum og öruggum hætti. Þrep stigans skulu gerð úr harðviði eða öðru sambærilegu efni. Þau skulu vera a.m.k. 480 mm breið, 115 mm djúp og 25 mm þykk og vera með jöfnu millibil sem ekki má vera minna en 300 mm og ekki meira en 380 mm.

Skipstjórum er skylt að veita eftirlitsmönnum endurgjaldslaust alla þá starfsaðstöðu og aðstoð sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, m.a. greiðan aðgang að fjarskiptatækjum, staðsetningartækjum og kortum.

Eftirlitsmönnum skal leyft að skoða og mæla veiðarfæri skipsins og afla til að ganga úr skugga um að reglur NAFO séu ekki brotnar. Þá skal eftirlitsmönnum gert kleift að skoða skjöl skipsins, skrifa í þau athugasemdir sínar um meint brot og gera skýrslu um skoðunina.

## 6. gr.

Hverju skipi er óheimilt að stunda veiðar á samningssvæðinu, nema eftirlitsmaður á vegum Fiskistofu sé um borð. Þó er Fiskistofu heimilt að veita undanþágu frá skilyrði 1. ml. enda séu eftirlitsmenn um borð í a.m.k. 50% íslenskra skipa sem stunda veiðar á samnings-

svæðinu. Skipstjóra er óheimilt að halda skipinu til veiða á samningssvæðinu án eftirlitsmanns um borð án skriflegrar heimildar Fiskistofu þar að lútandi.

Útgerð skips skal greiða eftirlitskostnað sem nemur 50% af fjárhæð gjalds skv. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 33, 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, fyrir hvern dag sem skipið stundar veiðar á samningssvæðinu, án tillits til hvort eftirlitsmaður sé um borð eða ekki. Útgerð skips með eftirlitsmann á vegum Fiskistofu um borð skal sjá honum fyrir fæði og aðstöðu án endurgjalds.

Fyrir hverja veiðiferð skal útgerð skips tilkynna Fiskistofu ósk sína um að veiðieftirlitsmaður verði um borð í skipinu a.m.k. 7 dögum fyrir brottför þess frá Íslandi en a.m.k. 10 dögum fyrir brottför sé um að ræða brottför frá höfn utan Íslands.

#### 7. gr.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til, nákvæmar skýrslur um veiðarnar. Einnig skulu skipstjórar skrá upplýsingar í Veiðidagbók NAFO og skal að lokinni veiðiferð afhenda Fiskistofu afrit af færslum fyrir viðkomandi veiðiferð (eyðublað b).

#### 8. gr.

Gerð og búnaður veiðarfæra skal vera skv. reglum þeim er NAFO hefur sett.

## II. KAFLI

### Rækjuveiðar á Flæmingjagrunni.

#### 9. gr.

Þeim íslenskum fiskiskipum er einum heimilt að stunda rækjuveiðar á Flæmingjagrunni, sem hafa fengið úthlutað aflamarki í rækju á því svæði. Í reglugerð þessari kallast eftirfarandi hafsvæði Flæmingjagrunn: Allt deilissvæði 3M ásamt þeim hluta deilissvæðis 3L sem er austan 46°40'V og sunnan 47°20'N.

Á árinu 2005 er íslenskum skipum sem veiðileyfi fá á Flæmingjagrunni, sbr. 2. gr., heimilt að veiða samtals 4.000 lestir af rækju á því hafsvæði. Af umræddu heildarmagni skal Fiskistofa úthluta hverju skipi aflamarki í rækju á Flæmingjagrunni á grundvelli aflahlut-deildar þess í þessum stofni. Ákvörðun um leyfilegt heildarmagn verður endurskoðuð á árinu.

Þegar rækja veidd á Flæmingjagrunni er reiknuð til þorskígilda skal á árinu 2005 miðað við verðmætastuðulinn 0,88.

#### 10. gr.

Skipstjóri skips sem heldur til rækjuveiða á Flæmingjagrunni skal tilkynna það Eftirlitsstöðinni við upphaf hverrar veiðiferðar. Einnig skal skipstjóri tilkynna Eftirlitsstöðinni þegar rækjuveiðum á Flæmingjagrunni lýkur. Að öðru leyti fer um tilkynningar samkvæmt 4. gr.

#### 11. gr.

Ef samanlagður aukaafli allra tegunda sem eru undir stjórn NAFO verður meiri en 5% af þunga í hali er skylt að yfirgefa veiðistað. Ekki er heimilt að hefja veiðar innan 5 sjómílna frá þeim stað.

#### 12. gr.

Við ákvörðun aflamagns af rækju, sem veidd er á Flæmingjagrunni, til aflamarks skal fara samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Skipstjóri skal tryggja að a.m.k. tvisvar á sólarhring þá daga sem skip er að veiðum, sé valið af handahófi og vigtað úrtak hverrar afurðar þannig að það gefi sem réttasta mynd af magni afurða. Skal meðalþyngd úrtaka ásamt fjölda eininga lögð til grundvallar ákvörðunar til aflamarks. Skal fjöldi eininga í úrtaki vera samtals 20 af fjölda unninna eininga hverrar afurðar sem unnin er á sólarhring en þó þarf fjöldi eininga í úrtaki aldrei að vera meiri en 5% af fjölda eininga í hverri afurð á sólarhring.

Við vigtun á forsoðinni rækju sem fryst er í öskjur er heimilt að draga þunga umbúða frá vigtuðu magni.

Við vigtun á hrárækju sem fryst er í öskjur er heimilt að draga þunga umbúða auk 10% vegna vatns í afla frá vigtuðu magni.

Við vigtun á iðnaðarrækju sem lausfryst er í pokum eða fryst í blokkir, er heimilt að draga þunga umbúða auk 9% vegna vatns í afla frá vigtuðu magni.

Í veiðidagbók skal daglega skrá heildarmagn hverrar afurðar að frádregnum þunga umbúða og vatns. Þegar að lokinni veiðiferð og vigtun aflans skal senda Eftirlitsstöðinni upplýsingar um aflamagn í veiðiferðinni á því formi sem Fiskistofa leggur til. Útreikningum og öllum öðrum gögnum sem notuð eru til að ákvarða aflamagnið skal haldið til haga og afhent Fiskistofu óski hún eftir gögnumum.

Landi fiskiskip eigen afla á Íslandi skal hann endanlega veginn samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 522, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla sbr. 22. og 23. gr. Sé rækjuafli fluttur til vinnslu á Íslandi með flutningaskipi eða öðrum hætti skal hann á sama hátt endurvigtaður á ákvörðunarstað og Fiskistofu sendar endurvigtunarnótur strax að vigtun lokinni.

#### 13. gr.

Við útreikning á afla til aflamarks fyrir rækju á Flæmingjagrunni fer eftir reglugerð þessari, hvort sem landað er úr veiðiskipi á Íslandi eða erlendis.

#### 14. gr.

Rækjusýni skulu tekin úr afla og skal Hafrannsóknastofnunin segja til um magn sýnanna og hversu oft þau skuli tekin. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt og send Hafrannsóknastofnuninni í Reykjavík að lokinni veiðiferð.

#### 15. gr.

Óheimilt er að nota vörpu með minni möskva en 40 mm, mælt með tveggja mm þykkri stiku með 5 kg átaki á þann hátt sem reglur NAFO kveða á um. Þá er óheimilt að hafa um borð slík veiðarfæri án leyfis Fiskistofu. Gerð og búnaður veiðarfæra skal að öðru leyti vera skv. reglum þeim er NAFO hefur sett.

#### 16. gr.

Skylt er að nota seiðaskilju við veiðarnar og má bil milli rimla ekki vera meira en 22 mm.

### III. KAFLI

#### Rækjuveiðar á deilivæði 3L.

#### 17. gr.

Rækjuveiðar eru heimilar á þeim hluta deilivæðis 3L sem er austan línu sem liggur milli 46°00'N/47°53'V, 46°40'N/47°20'V og 47°19'N/47°43'V á tímabilunum 1. janúar – 31. mars, 1. júlí – 14. september og 1. desember – 31. desember 2005. Veiðar á svæðinu mega aðeins fara fram á meira en 200 metra dýpi. Veiðar á svæðinu eru aðeins heimilar þeim

íslensku skipum sem hafa aflamark í rækju á svæðinu. Einungis eitt íslenskt fiskiskip má vera á veiðum á svæðinu hverju sinni. Hafi íslenskt skip tilkynnt sig inn á svæðið, sbr. 19. gr., er öðru íslensku skipi óheimilt að hefja veiðar á svæðinu án samþykkis Eftirlitsstöðvarinnar.

#### 18. gr.

Á árinu 2005 er íslenskum skipum sem fá veiðileyfi á deilissvæði 3L, sbr. 17. gr., heimilt að veiða 144 lestir af rækju á því hafsvæði. Fiskistofa skal úthluta aflamarki vegna ársins 2005 milli skipa í samræmi við aflahlutdeild þeirra í rækju á Flæmingjagrunni.

Þegar rækja veidd á deilissvæði 3L er reiknuð til þorskígilda skal á árinu 2005 miðað við verðmætastuðulinn 0,88.

#### 19. gr.

Skip sem hyggst stunda veiðar á deilissvæði 3L, sbr. 17. gr., skal tilkynna Eftirlitsstöðinni með a.m.k. 24 klukkustunda og í mesta lagi 48 klukkustunda fyrirvara um siglingu inn á svæðið og með sama fyrirvara tilkynna Eftirlitsstöðinni þegar siglt er út af svæðinu eftir veiðar á því. Í tilkynningu skal tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins, áætlaða komu þess eða brottför af svæðinu og magn rækjuafla um borð. Tilkynna skal Eftirlitsstöðinni þegar veiðum er lokið á deilissvæði 3L, sbr. 17. gr. Að öðru leyti fer um tilkynningar samkvæmt 4. gr.

#### 20. gr.

Ef samanlagður aukaafli, í veiðum á rækju á deilissvæði 3L, allra tegunda sem eru undir stjórn NAFO verður meiri en 2,5% af þunga í hali er skylt að yfirgefa veiðistað. Ekki er heimilt að hefja veiðar innan 5 sjómílna frá þeim stað.

#### 21. gr.

Allur rækjuafli sem veiddur er á deilissvæði 3L, sbr. 17. gr., skal greinilega auðkenndur.

#### 22. gr.

Við veiðar á deilissvæði 3L, sbr. 17. gr., skal lengd keðju sem festir bobbinga eða samþæriglegan búnað við troll vera a.m.k. 72 cm.

### IV. KAFLI

#### **Karfaveiðar á svæðum 1F, 2G, 2H, 2J og 3K.**

#### 23. gr.

Reglugerðin tekur til veiða á úthafskarfa sem veiddur er á svæðum 1F, 2G, 2H, 2J og 3K og reiknast aflinn til aflamarks viðkomandi skips. Fiskistofu er heimilt að stöðva veiðar íslenskra skipa á ofangreindum svæðum þegar heildarafli skipa frá aðildarríkjum NEAFC nær því marki sem ákveðið er í reglugerð um veiðar úr úthafskarfastofninum 2005.

#### **Ýmis ákvæði.**

#### 24. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

## 25. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1016 frá 30. desember 2003, um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafsveiðistofnunarinnar, NAFO, 2004, með síðari breytingum.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. janúar 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Guðríður M. Kristjánsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Ísafjarðarbæ.

## 1. gr.

Af hundum í Ísafjarðarbæ skal Ísafjarðarbær innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald nr. 567/1997.

## 2. gr.

Við leyfisveitingu hunda skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting	kr.	13.520
Leyfisveiting eftir útrunninn frest	kr.	18.200
Bráðabirgðaleyfi	kr.	2.700

## 3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	kr.	13.520
-------------	-----	--------

## 4. gr.

Greiðslur vegna hundahreinsunar og trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.

## 5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	kr.	6.660
Önnur afhending hunds	kr.	13.310
Þriðja afhending hunds	kr.	19.970
Fyrsta afhending hunds án leyfis	kr.	15.910

Óheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.



## 6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

## 7. gr.

Skilgreiningar á því að leitarhundur sé undanþeginn leyfisgjaldi er að viðkomandi hundur hafi að minnsta kosti B viðurkenningu útgefna af viðurkenndum leiðbeinanda og skal ljósrit af viðurkenningu afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

## 8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*Ísafirði, 14. janúar 2005.*

**Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 12 – 2005

11. janúar 2005

87

Nr. 65

## AUGLÝSING

### **ríkisskattstjóra nr. 4/2005 á reglum um endurskoðun á fyrirframgreiðslu þinggjalda og jöfnunargjalds á árinu 2005.**

1. Frestur vegna umsókna um lækkun fyrirframgreiðslu ársins 2005 er til 4. apríl nk. vegna einstaklinga, en til 31. maí 2005 vegna lögaðila. Umsóknir ásamt gögnum skulu því í síðasta lagi hafa verið póstlagðar til skattstjóra í umdæmi umsækjanda fyrir lok umsóknarfrests.
2. Forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslunnar eru þær að skattstofn vegna tekjuársins 2004 séu a.m.k. 25% lægri en á tekjuárinu 2003 og að álögð gjöld 2005 muni að lágmarki verða 20.000 kr. lægri en við álagningu 2004.
3. Umsækjanda ber að sýna fram á forsendur lækkunar með skattframtali 2005 ásamt lögboðnum fylgiskjölum. Ársreikningar skulu fylgja skattframtölum rekstraraðila. Hafi umsækjandi skilað rafrænu framtali 2005 ásamt fylgigögnum er nægilegt að vísa til þess í umsókninni.
4. Ákvörðun skattstjóra er kæránleg til ríkisskattstjóra innan 15 daga frá dagsetningu úrskurðar og er úrskurður ríkisskattstjóra endanlegur.
5. Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1041/2004 og taka þegar gildi.

*Reykjavík, 11. janúar 2005.*

**Ingvar J. Rögnvaldsson** vararíkisskattstjóri.

13. janúar 2005

Nr. 66

## AUGLÝSING

### **um deiliskipulag frístundalóðar í landi Úlfarsfells II við Hafravatn, Mosfellsbæ.**

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundahúsalanda í landi Úlfarsfells við Hafravatn, landnr. 125 533, í Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 24. nóvember 2004.

Deiliskipulagið nær til einnar frístundalóðar sem er 3.100 m<sup>2</sup> norðan við Hafravatn. Gerir tillagan ráð fyrir einu frístundahúsi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 13. janúar 2005.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

Gutenberg

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, Austurvegur 69.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, frá 4. september 1996.

Breytingin felst í því að lóðin Austurvegur 69 breytist úr svæði fyrir iðnað og atvinnurekstur í svæði með blandaðri landnotkun, fyrir iðnað, opinbera þjónustu, verslun og skrifstofur.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar sveitarfélagsins Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 13. janúar 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

Nr. 68

13. janúar 2005

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022, svæði utan fiskimjölsverksmiðju.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022 frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að iðnaðarsvæði fiskimjölsverksmiðju í austurhluta þéttbýlisins Fáskrúðsfjörður stækkar um 60 m í austur, þar sem nú er óbyggt svæði. Einnig stækkar hverfisverndarsvæði við franska kirkjugarðinn til vesturs að mörkum iðnaðarsvæðisins.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Austurbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 13. janúar 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

Nr. 69

13. janúar 2005

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017, Hulduhóll.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017, frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að landnotkunarreitir fyrir íbúðabyggð við Hulduhól er stækkaður til norðurs og austurs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 13. janúar 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frístundabyggð í landi Syðri-Brúar.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði í landi Syðri-Brúar breytist í svæði fyrir frístundabyggð og opið svæði til sérstakra nota. Skipulagssvæðin eru tvö: 20 ha frístundabyggðasvæði vestan Þjóðveggar meðfram Sogi og 120 ha frístundasvæði austan Þingvalla-veggar undir hlíðum Búrfells þar sem jafnframt er gert ráð fyrir 40 ha opnu svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 13. janúar 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, Galtalækur 2.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, frá 4. júlí 2003.

Breytingin varðar Galtalæk 2 og felst í því að 3,3 ha svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði verður svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 13. janúar 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Vindás, Álftanesi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarráð Álftaness þann 13. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Vindás, Álftanesi. Breytingin felst í því að byggingarreitur hússins er stækkaður um 4 m norður fyrir húsvegg norðurhliðar og tengir einnig saman bílskúr og aðalhús.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Álftanesi, 19. janúar 2005.*

**Gunnar Valur Gíslason** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1996-2016, Dalbæjarland.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1996-2016, frá 7. október 1996.

Breytingin felst í því að svæði austan Stjörnusteina og norðan Tjarnarstígs, opið svæði til sérstakra nota, er stækkað á kostnað íbúðarsvæðis og lóð íbúðarhússins Nýborgar er skilgreind sem íbúðarsvæði. Á opna svæðinu er gert ráð fyrir húsdýragarði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar sveitarfélagsins Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 13. janúar 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, Neðra-Sel.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir nýju íbúðarsvæði ásamt beitilandi, á um 40 ha svæði í landi Neðra-Sels, á svæði sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Gert er ráð fyrir fjórum lóðum og að á hverri þeirra verði hægt að byggja íbúðarhús, gripahús og geymslu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 13. janúar 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, Reiðholt í landi Haga.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir 50 ha svæði fyrir frístundabyggð sunnan við Hagakirkju, á svokölluðu Reiðholti, á svæði sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Gert er ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á svæðinu með tilheyrandi útivistarmögu- leikum, auk haglendis og beitiland fyrir hross.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 13. janúar 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samþykkt deiliskipulag fyrir Miðhraun I. Deiliskipulagið nær til byggingar baðhúss, hesthúss og vélaskemmu. Núverandi hlöðu verði breytt í tómstundahús.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. hreppsnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps, 19. janúar 2005.*

**Guðbjartur Gunnarsson** oddviti.

## REGLUGERÐ

### um (4.) breytingu á reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna.

#### 1. gr.

Í stað 2. másl. 1. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

Þegar sérstaklega stendur á er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að hækka bætur um allt að 25%. Skal heimildinni einkum beitt þegar um er að ræða dauðvona börn. Þá er heimilt að beita ákvæðinu þegar fötluð og/eða alvarlega og langvarandi veik börn gangast undir erfiðar aðgerðir eða meðferð og þurfa þess vegna að dvelja langdvölum á sjúkrahúsi með foreldrum sínum fjarri heimili.

#### 2. gr.

1. mgr. 8. gr. fellur brott.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 3. mgr. 4. gr., sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma falla brott reglur tryggingaráðs nr. 263/2000 um heimild til hækkunar umönnunargreiðslna skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. janúar 2005.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

**um skrá Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis  
skv. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Skrá yfir þá sem falla undir 6.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits.

Staðgengill framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits.

Skrá þessi tekur þegar gildi.

*Garðabæ, 7. janúar 2005.*

**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.

12. janúar 2005

Nr. 79

## AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Klausturhóla,  
Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt breytingu deiliskipulags frístundabyggðar við Baulurima í landi Klausturhóla, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Gert er ráð fyrir 11 viðbótarlóðum, stærð hvernar lóðar er 1 hektari.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 12. janúar 2005.*

**Margrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.

14. janúar 2005

Nr. 80

## AUGLÝSING

**um skrá Grímsnes- og Grafningshrepps skv. 6. - 8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986  
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Skrá yfir þá sem falla undir 6. – 8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Sveitarstjóri

Skrifstofustjóri

Launafulltrúi

Skólastjóri grunnskóla

Leikskólastjóri

Byggingarfulltrúi

Skipulagsfulltrúi

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 14. janúar 2005.*

**Margrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.



# REGLUR

## félagsmálaráðs Akureyrar um fjárhagsaðstoð.

### I. KAFLI

#### Almenn atriði.

##### 1. gr.

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Sveitarfélag skal tryggja að íbúar geti þetta, enda sé það ekki í verkahring annarra aðila svo sem almannatrygginga, atvinnuleysistrygginga, lífeyrissjóða eða sjúkrasjóða stéttarféлага.

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarféлага, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna heimilisstofnunar, náms eða óvæntra aðstæðna, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsmálaráðs, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarféлага.

Við meðferð og vinnslu umsókna ber að sýna umsækjanda fyllstu virðingu og gæta trúnaðar um málefni hans.

##### 2. gr.

#### *Tímabil samþykkis.*

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Aðstæður þeirra sem hafa fengið fjárhagsaðstoð í 6 mánuði samfelld skulu kannaðar sérstaklega og félagslegri ráðgjöf beitt ásamt öðrum viðeigandi úrræðum.

##### 3. gr.

#### *Fjárhagsaðstoð aftur í tímann.*

Fjárhagsaðstoð er aldrei veitt lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn var lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarféлага.

##### 4. gr.

#### *Form fjárhagsaðstoðar.*

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna.

##### 5. gr.

#### *Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns.*

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að umsækjandi notfæri sér greiðsluþjónustu banka eða sparisjóða, enda liggi fyrir mat á endurgreiðslugetu umsækjanda.

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá fjölskyldudeild skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu.

##### 6. gr.

#### *Réttur til fjárhagsaðstoðar.*

Fjárhagsaðstoð er veitt einstaklingum og fjölskyldum. Sérhver fjáráða einstaklingur

sem á lögheimili á Akureyri á rétt á að leggja fram umsókn. Skytt er að veita fólki í neyð sem dvelur á Akureyri tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess enda endurgreiði lögheimilissveitarfélaga aðstoðina.

Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón.

Þeim sem sækir um aðstoð samkvæmt reglum þessum er skylt að leita sér að atvinnu og taka þeirri atvinnu er býðst nema veikindi, örorka, aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því.

Einstaklingum sem búa hjá foreldrum skal að jafnaði reikna hálfu grunnfjárhæð á mánuði eða mismun á þeirri upphæð og tekjum þeirra.

Hafi einstaklingur, sem fellur undir ofangreint, forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð full grunnfjárhæð.

Einstaklingar 17 ára og yngri, eiga alla jafna ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

#### 7. gr.

##### *Námsmenn.*

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna geta að öðru jöfnu ekki sótt um fjárhagsaðstoð.

#### 8. gr.

Heimilt er að synja umsækjendum um fjárhagsaðstoð sem eru í neyslu áfengis- eða annarra vímuefna en bjóða aðstoð til að fara í áfengis/vímuefnamedferð. Heimilt er að veita þessum aðilum  $\frac{1}{2}$  grunnfjárhæð í sérstökum undantekningartilvikum.

## II. KAFLI

#### 9. gr.

##### *Umsókn um fjárhagsaðstoð.*

Umsókn skal undirrita á sérstök umsóknareyðublöð, þar sem fram koma upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir. Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal sl. árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsóknin er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingarsjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga eða öðrum aðilum. Heimilt er að undirritun gildi einnig næstu tvo mánuði á eftir, enda liggi fullnægjandi upplýsingar fyrir.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

#### 10. gr.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskírteini og dagpeningavottorði frá vinnumiðlun sem staðfestir atvinnuleysi og atvinnuleit hans. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun án viðhlítandi skýringa skal grunnfjárhæð miðast við  $\frac{1}{2}$  grunnfjárhæð.

#### 11. gr.

Hafi umsækjandi, sem er atvinnulaus, hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu að til-efnislausu skal miða aðstoð við  $\frac{1}{2}$  grunnfjárhæð.

## 12. gr.

Í þeim tilvikum að umsækjandi er erlendur ríkisborgari ber honum að framvísa dvalarleyfi. Sé erlendur ríkisborgari með dvalarleyfi á þeim forsendum að skyldur aðili ábyrgist framfærslu hans, á hann að jafnaði ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

## 13. gr.

Heimilt er að veita skyndiaðstoð í neyðartilvikum án þess að öll gögn liggi fyrir. Skal þetta gert að mati starfsmanns og í samráði við yfimann sé þess kostur. Fullunnin umsókn skal lögð fyrir næsta afgreiðslufund.

## 14. gr.

*Upplýsingaskylda.*

Skylt er að veita starfsmönnum fjölskyldudeildar upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattaframtölum lögskylds framfæranda, enda hafi umsækjandi veitt fjölskyldudeild umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

## 15. gr.

*Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjenda.*

Starfsmaður fjölskyldudeildar skal, ef þörf krefur, afla frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattyfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og Atvinnuleysistryggingasjóði. Einnig skal afla upplýsinga um önnur atriði, t.d. félagslegar aðstæður, eftir því sem umsókn gefur tilefni til. Ofangreind upplýsingaöflun skal gerð í samráði við umsækjanda. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka eða að aflað sé upplýsinga hjá öðrum aðilum stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

## III. KAFLI

**Mat á fjárþörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar.**

## 16. gr.

*Mat á fjárþörf.*

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárþörf til framfærslu lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á sbr. IV. kafla þessara reglna.

## 17. gr.

*Framfærslugrunnur.*

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og getur numið allt að kr. 81.366 á mánuði. Framfærslugrunnur vegna einstaklinga hefur stuðulinn 1.0 en vegna hjóna og fólks í sambúð 1.6. Ofangreind upphæð er samtala elli- og örorkulífeyris (kr. 21.249), tekjutryggingar örorkulífeyrisþega (kr. 42.648) og heimilisuppbótar (kr. 17.469) breytist í janúar ár hvert í samræmi við breytingar ofangreindra fjárhæða.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu.

## 18. gr.

*Tekjur umsækjanda.*

Allar tekjur umsækjanda og maka ef við á, í þeim mánuði er sótt er um og mánuðinum á undan eru taldar með við mat á fjárþörf. Með tekjum er átt við allar tekjur og greiðslur til

umsækjanda og maka, þ.e. atvinnutekjur, allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins nema greiðslur með börnum, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarféлага, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s. frv. og koma þær til frádráttar. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði þeirra við mat á fjárþörf.

Húsaleigu og vaxtabætur eru ekki reiknaðar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnaðis-kostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

#### 19. gr.

##### *Greiðslur meðlags.*

Þegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en grunnfjárhæðin skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjú mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

#### 20. gr.

##### *Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar.*

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskyldu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur sinn og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997.

#### 21. gr.

##### *Mat á tekjum bænda.*

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsókna sem berast fyrir 1. júlí, en með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit uppfært til 30. júní sl. Þá liggi einnig fyrir greiðslumark búans, breytingar á bústofni, yfirlit yfir eignir og skuldir aðrar en þær er tengjast viðkomandi rekstri, auk tekna utan búans undanfarna tvo mánuði. Fjárþörf skal miða við grunnfjárþörf, sbr. 11. gr.

### IV. KAFLI

#### **Heimildir vegna sérstakra aðstaðna.**

#### 22. gr.

##### *Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri.*

Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til tekjulágra foreldra. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barna í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barna í þroskandi félags- og tómsundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 15.000 kr. á mánuði.

Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, er heimilt að veita foreldrum styrk sem nemur heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, frístundaheimilis, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómsundastarfi. Ennfremur er í sömu tilvikum heimilt að veita foreldrum fjárstyrk í tengslum

við dvöl barna utan heimilis í sex mánuði eða skemur. Ávallt skal liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf. Ætíð skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.

Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.

### 23. gr.

#### *Námskostnaður barna í skóla fjarri heimabyggð.*

Ef sérstök meðferðar og/eða stuðningssjónarmið mæla með því, er heimilt að taka sérstakt tillit til námskostnaðar barna tekjulágra foreldra sem ekki geta sótt framhaldsskóla í heimabyggð. Við mat á fjárþörf skal taka mið af aðstæðum fjölskyldu, m.a. fjárhag hennar og fjarlægð skóla frá heimili. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna fjarri heimabyggð er, að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki nr. 79/2003 og fjárþörf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.

### 24. gr.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til einstaklinga sem eru í endurhæfingu svo sem í námi hjá Menntasmiðjunni, starfsendurhæfingu á PBI eða sambærilegum úrræðum. Endurhæfingaráætlun skal liggja fyrir í samráði við ráðgjafa á fjölskyldudeild. Aðstoðin skal miðast við grunnfjárhæð ásamt tilfallandi kostnaði. Ákvörðun skal einungis tekin í 4-5 mánuði í senn og eftir það endurmetin.

### 25. gr.

#### *Námsstyrkir.*

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og aðstoðin miðast við grunnfjárhæð ásamt almennum skólagjöldum og bókakostnaði.

- Til einstaklinga 18-24 ára sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða.
- Til einstæðra foreldra 18-24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa haft atvinnutekjur undir 1.000.000 kr. undanfarna tólf mánuði. Skilyrði er að umsækjandi hafi átt í félagslegum erfiðleikum.
- Til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir án bótaréttar eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Leggja þarf inn umsókn tveimur mánuðum áður en nám hefst.

Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi fái starfsréttindi eða geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu. Einkunnum skal ætíð skila í annarlok. Tekjur sem umsækjandi kann að fá, reiknast honum til tekna.

Við ákvörðun um beitingu heimildar til að veita fjárhagsaðstoð vegna náms ber að taka mið af því fjármagni sem ætlað er til slíkrar aðstoðar í fjárhagsáætlun hverju sinni.

### 26. gr.

#### *Styrkur vegna húsbúnaðar.*

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- Til einstaklings, sem hefur lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, er eignalaus eða er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun.
- Til eignalausra einstaklinga, með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, sem hafa átt í miklum félagslegum erfiðleikum og/eða átt við mikil veikindi að stríða.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr. nema þegar einstaklingur er að flytja á sambyli, þá eru mörkin 50.000 kr.

Húsbúnaðarstyrkir greiðast að jafnaði aðeins einu sinni.

#### 27. gr.

##### *Greiðsla sérfræðiaðstoðar.*

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu í lengri tíma, hafa átt við atvinnuleysi að stríða í lengri tíma eða eru lífeyrisþegar. Hámark aðstoðar skal vera 50.000 kr. á ári. Kostnaðaráætlun tannlæknis skal ávallt fylgja með umsókn.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu læknis- og lyfjakostnaðar til einstaklinga sem hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu í lengri tíma, hafa átt við atvinnuleysi að stríða í lengri tíma eða eru lífeyrisþegar. Hámark aðstoðar skal vera 50.000 kr. á ári.

Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, sálfræðingum, geðlæknum og sérfræðingum í fjármálaráðgjöf ef það er liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð og fyrirsjáanlegt að eigi sé hægt að veita þjónustuna innan fjölskyldudeildar eða á vegum heilbrigðisstofnana.

- a) Einstaklingum sem búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika.
- b) Einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum.

Hámark aðstoðar samkvæmt a) og b) er 60.000 kr. á ári.

#### 28. gr.

##### *Útfararstyrkir.*

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbú getur ekki staðið undir útför hins látna. Hámarksaðstoð er 160.000 kr. Ef viðkomandi einstaklingur á ekki rétt til útfararstyrks frá sínu stéttarfélagi getur þessi upphæð hækkað í 250.000 kr.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum, staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum, o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr. sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararskostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita foreldri eða foreldrum sem hafa tekjur á eða undir grunnfjárhæð fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Samþykkt aðstoðar greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

#### 29. gr.

##### *Áfallaaðstoð.*

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna eða náttúruhamfara. Einnig þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum er heimilt að veita aðstoð til kaupa á búslóð. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilis-tryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið.

Hámarksaðstoð er 100.000 kr.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð vegna alvarlegra veikinda nánustu fjölskyldu, barns, maka eða foreldris. Miða skal við að fjárhagur sé þröngur og að um mikla röskun á högum sé að ræða. Aðstoðin skal að öðru jöfnu veitt vegna ferðakostnaðar og upphalds ef aðrir aðilar svo sem Tryggingastofnun ríkisins veita ekki aðstoð. Gert er ráð fyrir að viðkomandi sækji til skattstjóra um lækkun skatta vegna sömu aðstæðna.

Hámarksaðstoð er 250.000 kr.

### 30. gr.

*Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu og til tryggingar húsaleigu.*

Heimilt er að veita þeim sem hafa haft tekjur við eða undir grunnfjárhæð í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði.

Heimilt er að veita styrk eða lán til greiðslu tryggingagjalds vegna húsaleigu sem svarar 3ja mánaða leigu. Skilyrði er að viðkomandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu hjá bönkum eða lánastofnunum.

Hámarksaðstoð er 250.000 kr.

### 31. gr.

*Aðstoð vegna sérstakra fjárhagserfiðleika.*

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika, að uppfylltum öllum neðangreindum skilyrðum:

- a) Staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana.
- b) Fyrir liggja yfirlit starfsmanns fjölskyldudeildar eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á.
- c) Fyrir liggja á hvern hátt lán eða styrkur muni bæta fjárhagsstöðu umsækjanda til lengri tíma litið.

Þegar um lán er að ræða skal greiðsluáætlun fylgja með umsókn.

Eigi er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði eða aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skattaskulda og sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

Aðstoð samkvæmt þessari grein er veitt vegna barna, þ.e. leikskólaskuld, skuld vegna skólagæslu og fæðis í skóla og ennfremur vegna húsnæðis, þ.e. húsaleigu, fasteignagjalda, rafmagns og hita.

### 32. gr.

*Sérstök fjárhagsaðstoð í desember.*

Heimilt er að veita sérstaka desemberuppbót sem nemur 25% af grunnfjárhæð. Heimilt er að taka sérstakt tillit til barnafjölskyldna sem nemur 6.000 kr. á barn. Við útreikning skal draga frá þær tekjur sem umsækjandi hefur umfram kvarða.

## V. KAFLI

**Málsmeðferð, sbr. ákvæði stjórnslulaga, nr. 37/1993,  
og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.**

33. gr.

*Könnun á aðstæðum.*

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef fjölskyldudeild berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Fjölskyldudeild skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

34. gr.

*Samvinna við umsækjanda.*

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

35. gr.

*Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.*

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

36. gr.

*Leiðbeiningar til umsækjanda.*

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflega erindi sem ekki snertir fjölskyldudeild, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

37. gr.

*Rangar eða villandi upplýsingar.*

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur fjölskyldudeild endurkrafíð viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu málsins að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

38. gr.

*Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.*

Deildarstjóri fjölskyldudeildar eða starfsmenn í umboði hans taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum.

39. gr.

*Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð og áfrýjunarréttur.*

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti



með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð og kynna honum um leið rétt hans til áfrýjunar til félagsmálaráðs Akureyrar.

40. gr.

*Málskotsréttur og endurupptaka máls.*

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun hlutaðeigandi starfsmanna til félagsmálaráðs innan 4 vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálaráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálaráðs.

41 gr.

*Endurupptaka máls.*

Viðskiptavinur getur óskað þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef afgreiðsla félagsmálaráðs á umsókn hans hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs, innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar.

Meti bæjarráð að lagaleg skilyrði séu fyrir hendi, er erindi um endurupptöku vísað til félagsmálaráðs til málsmeðferðar. Efnisatriði máls skulu ekki lögð fyrir bæjarráð.

Samþykkt þessi tekur gildi 1 janúar 2005.

Samþykkt í félagsmálaráði 6. desember 2004.

Samþykkt í bæjarstjórn 14. desember 2004.

*F.h. Akureyrarbæjar, 4. janúar 2005.*

**Inga Þöll Þórgnýsdóttir** bæjarlögmaður.

## GJALDSKRÁ

### Umhverfisstofnunar.

#### I. KAFLI

#### Almennt.

*Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings.*

1. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald samkvæmt gjaldskrá þessari sem nemur kr. 6.500 fyrir sérfræðing og kr. 4.000 fyrir fagritara á hverja klukkustund fyrir verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir.

*Ferðakostnaður.*

2. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir ferða- og upphaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins.

*Innheimta.*

## 3. gr.

Eindagi gjalda skv. gjaldskrá þessari er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

## II. KAFLI

**Leyfisveitingar og fleira.**

*Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.*

## 4. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfa af fyrirtækjum sem stunda atvinnurekstur sem talinn er upp í fylgiskjali 1 og I. viðauka með reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfa fyrir móttökustöð úrgangs skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Gjald fyrir vinnslu nýs starfsleyfis er tvíþætt:

A. Kostnaður við móttöku, grunnvinnu við gerð starfsleyfisdraga, auglýsingar, útgáfu og kynnisfundir er sem hér segir:

Eftirlitsflokkur	Upphæð
1. flokkur	kr. 329.000
2. flokkur	kr. 264.000
3. flokkur	kr. 125.000
4. flokkur	kr. 73.000

Reikningur fyrir fastagjaldi skal gefinn út við móttöku umsóknar.

B. Fyrir frekari vinnu við gerð starfsleyfistillagna, vinnslu og afgreiðslu innsendra athugasemda og fyrir kynningu umfram lágmarks kynningu, sbr. A lið skal greiða tímagjald samkvæmt 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar drög að starfsleyfi liggja fyrir.

Fyrir endurskoðun og breytingu á starfsleyfi samkvæmt IX. kafla reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og fyrir breytingu og endurskoðun á starfsleyfi samkvæmt 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal greiða tímagjald samkvæmt 1. gr. gjaldskrárinnar vegna vinnu sérfræðinga og fyrir ferðir skv. 2. gr. ásamt útlögðum kostnaði m.a. við auglýsingar. Reikningur skal gefinn út þegar drög að starfsleyfi liggja fyrir.

*Starfsleyfi fyrir garðaúðun og eyðingu meindýra.*

## 5. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði við útgáfu starfsleyfa fyrir þá sem starfa við garðaúðun í atvinnuskyni í samræmi við reglugerð nr. 238/1994, um garðaúðun, og fyrir þá sem vinna við eyðingu meindýra í samræmi við reglugerð nr. 149/1989 um meindýraeyða, sbr. 6. mgr. 23. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni. Gjaldið skal vera:

	Upphæð
a. Gjald fyrir starfsleyfi sem veitt er í fyrsta skipti	kr. 23.500
b. Gjald fyrir endurnýjun leyfisskírteina	kr. 10.500

Reikningur skal gefinn út við móttöku umsóknar.

Hafi útgáfa leyfis í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjald skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar drög að starfsleyfi liggja fyrir.

*Leyfi fyrir aukefni í matvæli.*

6. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu umsóknar um bráðabirgðaleyfi fyrir aukefni í matvæli, skv. 10. gr. reglugerðar nr. 285/2002 um aukefni í matvælum. Umsóknaraðili greiðir tímagjald skv. 1. gr. og ferðakostnað skv. 2. gr. vegna vinnslu við umsóknir vegna bráðabirgðaleyfis fyrir aukefni í matvæli. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis fyrir aukefni í matvælum liggur fyrir.

*Leyfi fyrir bætiefni í matvæli.*

7. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu umsókna um leyfi fyrir bætiefni í matvæli, skv. 19. gr. reglugerðar nr. 285/2002 um aukefni í matvælum. Innheimta skal gjald fyrir umfjöllun um hvert bætiefni sem sótt er um í hverja vöru. Umsóknaraðili greiðir tímagjald skv. 1. gr. og ferðakostnað skv. 2. gr. vegna vinnslu við umsóknir um leyfi fyrir bætiefni í matvæli. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

*Leyfi fyrir notkun fullyrðinga.*

8. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu umsókna um leyfi fyrir notkun á fullyrðingum varðandi matvæli og innihaldsefni þeirra, skv. 34. gr. reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla. Umsóknaraðili greiðir tímagjald skv. 1. gr. og ferðakostnað skv. 2. gr. vegna vinnslu við umsóknir um leyfi fyrir notkun á fullyrðingum varðandi matvæli og innihaldsefni. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

*Leyfi fyrir notkun erfðabreyttra lífvera.*

9. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu umsóknar um leyfi fyrir afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera skv. 8. gr. reglugerðar nr. 275/2002 og afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera annarra en örvera skv. 8. gr. reglugerðar nr. 276/2002. Innheimta skal gjald sem nemur kr. 30.000. Reikningur skal gefinn út við móttöku umsóknar.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu umsóknar um leyfi fyrir sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera skv. 5. og 19. gr. reglugerðar nr. 493/1997. Umsóknaraðili greiðir tímagjald skv. 1. gr. og ferðakostnað skv. 2. gr. vegna vinnslu umsóknar um leyfi fyrir sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

*Gjald vegna útgáfu leyfis til að halda dýr í atvinnuskyni.*

10. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir útgáfu leyfa til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu, snyrtingar og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald skv. 12. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd með síðari breytingum. Gjaldið skal vera:

	Upphæð
a. Leyfi til dýrasýninga og dýrahappdrættis	kr. 7.000
b. Önnur leyfi vegna dýrahalds í atvinnuskyni	kr. 39.500
c. Endurnýjun annarra leyfa vegna dýrahalds í atvinnuskyni en leyfa til dýrasýninga og dýrahappdrættis	kr. 26.500

Reikningur skal gefinn út við móttöku umsóknar.

Hafi útgáfa leyfis í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

## III. KAFLI

**Eftirlit.***Gjald fyrir mengunarvarnaeftirlit með starfsleyfisskyldri starfsemi.*

11. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald af fyrirtækjum sem stofnunin hefur eftirlit með skv. 12. og 13. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og stunda atvinnurekstur sem talinn er upp í fylgiskjali 1 og I. viðauka með reglugerðinni, að undanskildum atvinnurekstri samkvæmt liðum 6.4, 6.5 og 6.6 í viðaukanum. Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir eftirlit með móttökustöðvum úrgangs skv. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Vegna reglubundins eftirlits, skv. 2. mgr. 12. gr. í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og eftirlit sem nánar er kveðið á um í starfsleyfi fyrirtækis, skal innheimta gjald sem hér segir:

Eftirlitsflokkur	Upphæð
1. flokkur	kr. 273.000
2. flokkur	kr. 162.500
3. flokkur	kr. 110.500
4. flokkur	kr. 78.000

Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Vegna reglubundinna eftirlitsmælinga, skv. 2. mgr. 12. gr. í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og því sem nánar er kveðið á um í starfsleyfi fyrirtækis, skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. svo og útlagðan kostnað. Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Vegna eftirlits skv. 5. mgr. 12. gr. í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. svo og útlagðan kostnað. Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Beiti Umhverfisstofnun heimild skv. 6. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit til að draga úr reglubundnu eftirliti hjá atvinnurekanda skal viðkomandi atvinnustarfssemi færast til í eftirlitsflokk skv. ákvörðun stofnunarinnar í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar eða lækkun á gjaldi sem nemur minna eftirliti.

*Sérstakt eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum framkvæmdum.*

12. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald, skv. sérstöku samkomulagi við framkvæmdaraðila, vegna kostnaðar stofnunarinnar við sérstakt eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum framkvæmdum, skv. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd að teknu tilliti til innra eftirlits framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili greiðir tímagjald skv. 1. gr. og ferðakostnað skv. 2. gr. auk annars útlagðs kostnaðar við eftirlitið. Um útgáfu reikninga meðan á hinu sérstaka eftirliti stendur fer skv. samkomulagi aðila.

*Innflutningseftirlit með matvælum.*

13. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald af fyrirtækjum til að standa undir kostnaði vegna innflutningseftirlits með matvælum, skv. 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. einnig III. t. l. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun innheimtir gjald sem nemur kr. 19.350.

Heimilt er að gera kröfu um að innflytjandi matvæla greiði nauðsynlegan rannsóknarkostnað vegna eftirlits með innflutningi matvæla skv. 27. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

## IV. KAFLI

**Hæfnispróf og námskeið.***Hæfnispróf og veiðinámskeið fyrir veiðimenn.*

14. gr.

Umhverfisstofnun heldur hæfnispróf fyrir veiðimenn og veiðinámskeið til undirbúnings hæfnisprófa á fyrirfram auglýstum tíma skv. 11. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Stofnunin innheimtir gjald vegna hæfnisprófa og námskeiða, sbr. 4. mgr. 11. gr. laganna, í samræmi við eftirfarandi:

a. Prófgjald fyrir hæfnispróf á auglýstum próftíma	Upphæð kr. 4.000
b. Prófgjald fyrir hæfnispróf utan auglýstra próftíma að óskum viðkomandi einstaklings (einkapróf)	kr. 6.000
c. Veiðinámskeið til undirbúnings hæfnisprófi og hæfnispróf	kr. 6.000

Greiða skal gjald vegna hæfnisprófa eða námskeiða áður en námskeið er setið eða próf þreytt.

## V. KAFLI

**Önnur verkefni.***Áritun innflutningsskjala.*

15. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna áritunar innflutningsskjala kr. 1.000 skv. 6. mgr. 23. gr. laga nr. 52/1988. Reikningur skal gefinn út við móttöku innflutningsskjals.

Sé vinna við áritun umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að áritun innflutningsskjala hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun liggur fyrir.

*Heimild til innflutnings á matvælum.*

16. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna afgreiðslu heimilda til innflutnings á matvælum kr. 1.000 sbr. 25. gr. laga nr. 93/1995, sbr. einnig ákvæði auglýsinga um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla sem í gildi eru á hverjum tíma. Reikningur skal gefinn út við móttöku á beiðni um heimild til innflutnings á matvælum.

Hafi vinna við afgreiðslu heimildar til innflutnings í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að afgreiðsla heimilda hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um heimild til innflutnings liggur fyrir.

## VI. KAFLI

**Gildistaka og lagastoð.***Lagastoð.*

17. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 23. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, 12. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd, 4. mgr. 11. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum, 25., 26. og 27. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, 21. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, 3. mgr. 7. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, 22. gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur og 4. mgr. 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjaldskráin öðlast gildi 1. febrúar 2005.

Frá sama tíma falla úr gildi eftirfarandi gjaldskrár: nr. 636/2000 vegna hæfnisprófa og veiðinámskeiða fyrir veiðimenn, nr. 3/2001 vegna sérstakrar þjónustu á sviði matvælaeftirlits, nr. 137/2001 vegna eftirlits og vinnslu starfsleyfa á sviði mengunarvarna, nr. 417/2001 vegna eftirlits með mannvirkjagerð og framkvæmdum á vegum Náttúruverndar ríkisins, nr. 277/2002 vegna sérstakrar þjónustu á sviði eiturefna- og hollustuháttaeftirlits og nr. 817/2003 um útgáfu leyfa til dýrahalds í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald.

*Umhverfisiráðuneytinu, 14. janúar 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.***GJALDSKRÁ****fyrir kattahald í Ísafjarðarbæ.**

1. gr.

Af köttum í Ísafjarðarbæ skal Ísafjarðarbær innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um kattahald nr. 925/2003.

## 2. gr.

Við leyfisveitingu katta skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting kr. 1.560

## 3. gr.

Af leyfðum köttum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn köttur kr. 1.560

## 4. gr.

Greiðslur vegna merkinga og trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.

## 5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*Ísafirði, 14. janúar 2005.*

**Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

**um skrá hjúkrunarheimilisins Garðvangs skv. 2. mgr. 19. gr.  
laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga:

Hjúkrunarforstjóri

Einn hjúkrunarfræðingur á næturvöktum

Einn hjúkrunarfræðingur á morgun- og kvöldvöktum

Sjúkraliðar S.L.F.Í. 4,2 stöðugildi

Starfsfólk í S.F.S.B.:

Umönnun 18,3 “

Eldhús 4,0 “

Þvottahús 1,4 “

Félagsstarf, iðjuþjálfun 2,2 “

Skrifstofa 1,5 “

*Garði, 19. janúar 2005.*

F.h. hjúkrunarheimilisins Garðvangs,

**Finnbogi Björnsson** framkvæmdastjóri.

## AUGLÝSING

**um skrár Akureyrarbæjar samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga  
um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986  
eins og þeim hefur verið breytt með lögum nr. 70/1996.**

A. *Listi yfir þau störf sem falla undir 6. - 8. lið 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.*

Bæjarstjóri  
Bæjarlögmaður  
Sviðsstjóri stjórnisýslusviðs  
Sviðsstjóri félagssviðs  
Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs  
Framkvæmdastjóri fasteigna Akureyrarbæjar  
Jafnréttisráðgjafi  
Starfsmannastjóri  
Starfsfólk starfsmannaþjónustu  
Deildarstjóri búsetudeildar  
Framkvæmdastjóri öldrunarheimila  
Deildarstjóri skóladeildar  
Deildarstjóri fjölskyldudeildar  
Deildarstjóri íþróttá- og tómstundadeildar  
Menningarfulltrúi  
Hagsýslustjóri  
Skrifstofustjóri ráðhúss  
Markaðs- og kynningarstjóri  
Deildarstjóri framkvæmdadeildar  
Deildarstjóri umhverfisdeildar  
Verkefnastjóri hagþjónustu  
Innkaupastjóri  
Aðalbókari  
Forstöðumaður fjárreiðna  
Verkefnastjóri upplýsinga- og kynningarmála  
Hafnarstjóri  
Yfirhafnarvörður  
Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Brekkuskóla  
Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Lundarskóla  
Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Giljaskóla  
Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Síðuskóla  
Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Glerárskóla  
Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Oddeyrarskóla  
Skólastjóri Hlíðarskóla



B. *Listi yfir þá sem falla undir 5. tölulið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.*

**Slökkvistið:**

Slökkviliðsstjóri	(1 stg.)
Starfsmenn slökkviliðs	(29 stg.)

**Stéttarfélag:**

Landssamband slökkviliðsmanna
Kjölur/Landssamband slökkviliðsmanna

**Framkvæmdamiðstöð:**

Forstöðumaður framkvæmdamiðstöðvar	(1 stg.)	Kjölur
------------------------------------	----------	--------

**Búsetudeild:**

Skrifstofustjóri	(1 stg.)	SFR
Hverfistjórar heimaþjónustu	(2 stg.)	Kjölur
Forstöðumaður Víðilundi	(1 stg.)	Kjölur
Sjúkraliði	(0,8 stg.)	Sjúkraliðafélag Íslands

**Sambýli fatlaðra:**

Forstöðumenn	(2 stg.)	
Sambýlið Þrastarlundur	(1 stg.)	SFR
Sambýlið Byggðavegi 91	(1 stg.)	SFR
Forstöðumenn	(5 stg.)	
Sambýlin Ægisgötu og Jörvabyggð		Þroskaþjálfafélag Íslands
Skammtímavistun Skólastíg		Þroskaþjálfafélag Íslands
Sambýlið Snægili 1		Þroskaþjálfafélag Íslands
Sambýlið Hafnarstræti 16		Þroskaþjálfafélag Íslands
Sambýlið Dvergagili 40		Þroskaþjálfafélag Íslands
Forstöðumaður	(1 stg.)	
Sambýlin Helgamagrastr./Þórunnarstr./Dvergagili 3		Félag ísl. leikskólakennara
Forstöðumaður	(1 stg.)	
Sambýlin Skútagili 2 og Álfabyggð 4		Iðjuþjálfafélag Íslands
Deildarstjóri	(1 stg.)	
Sambýlið Þrastarlundi		SFR
Deildarstjórar	(2 stg.)	
Sambýlið Hafnarstræti		Þroskaþjálfafélag Íslands
Sambýlið Snægili 1		Þroskaþjálfafélag Íslands
Deildarstjóri	(1 stg.)	
(hópstjóri) Sambýlið Byggðavegi 91		Sjúkraliðafélag Íslands
Deildarstjórar	(2 stg.)	
Sambýlin Skútagili og Álfabyggð		Iðjuþjálfafélag Íslands
Sambýlin Helgamagrastr. og Dvergagili 3		Iðjuþjálfafélag Íslands
Alm. starfsm.		
Sambýlið Dvergagili 40	(0,6 stg.)	Félags ísl. leikskólakennara

**Fjölskyldudeild:**

Verkefnastjóri í barnavernd	(1 stg.)	Kjölur
Forstöðumaður PBI	(1 stg.)	Iðjubjálfafélag Íslands

**Öldrunarheimili Akureyrarbæjar:**

Skrifstofustjóri	(1 stg.)	Kjölur
Skrifstofustörf	(1,4 stg.)	Kjölur
Forstöðumaður dagþjónustu	(1 stg.)	Kjölur
Sjúkraliði dagþjónustu	(1 stg.)	Sjúkraliðafélag Íslands

**Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hlíð:**

Hjúkrunarforstjóri	(1 stg.)	Félag ísl. hjúkrunarfræðinga
Deildarstjórar	(5 stg.)	Félag ísl. hjúkrunarfræðinga
Hjúkrunarfræðingar	(6 stg.)	Félag ísl. hjúkrunarfræðinga
Sjúkraliðar	(19,7 stg.)	Sjúkraliðafélag Íslands
Sjúkraliðar	(11,8 stg.)	Kjölur
Iðnaðarmaður	(1 stg.)	Kjölur
Matsveinn	(1stg.)	Kjölur

**Kjarnalundur dvalarheimili aldraðra:**

Deildarstjóri	(1 stg.)	Félag ísl. hjúkrunarfræðinga
Sjúkraliðar	(3,0 stg.)	Sjúkraliðafélag Íslands
Sjúkraliðar	(1,9 stg.)	Kjölur
Bílstjóri	(1 stg.)	Kjölur

**Hjúkrunarheimilið Skjaldarvík:**

Deildarstjóri	(1 stg.)	Félag ísl. hjúkrunarfræðinga
Sjúkraliðar	(4,9)	Sjúkraliðafélag Íslands

**Sambýli aldraðra Bakkahlíð:**

Forstöðumaður	(1 stg.)	Kjölur
---------------	----------	--------

**Heilsugæslustöðin:**

Framkvæmdastjóri		Kjaranefnd
Hjúkrunarforstjóri		Félag ísl. hjúkrunarfræðinga
Skrifstofustjóri	(1 stg.)	Kjölur
Móttökuritari	(2 stg.)	Kjölur
Yfirlæknir	(1 stg.)	Kjaranefnd
Heilsugæslulæknar	(10)	Kjaranefnd
Deildarstjóri heimahjúkrunar	(1 stg.)	Félag ísl. hjúkrunarfræðinga
Hópstjórar heimahjúkrunar	(2 stg.)	Félag ísl. hjúkrunarfræðinga
Deildarstjóri mæðraverndar	(1 stg.)	Félag ísl. hjúkrunarfræðinga

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórans á Akureyri, 20. janúar 2005.*

**Dan Brynjarsson**, forstöðumaður stjórnisylsusviðs.

## AUGLÝSING

### um skrá Grundar, dvalar- og hjúkrunarheimilis skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sjúkraliðafélag Íslands, Lyfjafræðingafélag Íslands, Læknafélag Íslands og Starfsmannafélag ríkisstofnana hafa gert með sér samning samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hjúkrunarforstjóri	1,0 staða	Lyfjataeknir	1,0 staða
Hjúkrunarfr. næturvaktir	1,4 stöður	Læknir	1,0 staða
Lyfjafræðingur	0,25 stöður		

#### Hjúkrunardeildir.

Á hjúkrunardeildum eru aldrei sjúklingar í langtímadvöl, Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili er heimili þeirra og verða þeir ekki útskrifaðir annað.

##### *Hjúkrunardeildir A-2, A-3, V-3A, V-3B, V-4*

Einn hjúkrunarfræðingur á vakt á hverri deild á morgun- og kvöldvöktum.

Einn sjúkraliði á vakt á hverri deild á morgun- og kvöldvöktum.

##### *Hjúkrunardeildir V-2 Fjöldi heimilismanna 35*

Einn hjúkrunarfræðingur á vakt á morgun- og kvöldvöktum.

Þrjú sjúkraliðar á vakt á morgun- og kvöldvöktum.

#### Dvalardeildir.

Á dvalardeildum eru aldrei heimilismenn í langtímadvöl og er Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili því heimili þeirra og verða ekki útskrifaðir annað.

##### *Dvalardeild A-1*

Einn hjúkrunarfræðingur á vakt á morgunvöktum.

Einn sjúkraliði á morgun- og kvöldvakt.

##### *Dvalardeild MG/LG - fjöldi heimilismanna 68*

Einn hjúkrunarfræðingur á morgunvakt.

##### *Ræstingadeild*

Ræstingastjóri 1,0 staða

##### *Aðalborðsalur*

Verkstjóri 1,0 staða

##### *Eldhús*

Yfirmatreiðslumaður 1,0 staða

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Reykjavík, 19. janúar 2005.

Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili,

**Guðrún B. Gísladóttir** forstjóri.

## AUGLÝSING

**um skrá yfir hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, sem starfa á Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík, og falla undir 1. mgr. 3. töluliðs 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Dalbær, heimili aldraðra: Hjúkrunarfræðingar:  
Hjúkrunarforstjóri.  
Sjúkraliðar:  
2,8 stöðugildi sjúkraliða, þ.e. 1 sjúkraliði á morgunvakt og 1 sjúkraliði á kvöldvakt.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Dalvík, 20. janúar 2005.*

**Björgúlfur Lúðvíksson** forstöðumaður.

## AUGLÝSING

**um skrá Austurbyggðar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Skrá yfir þá sem falla undir 5. -8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Starf:	Stöðugildi
1. Sveitarstjóri	1,0
2. Skrifstofustjóri	1,0
3. Deildarstjóri þjónustu og eignadeildar, jafnframt veitustjóri	1,0
4. Forstaða íþróttahúss	1,0
5. Skólastjórar grunnskóla	2,0
6. Aðstoðarskólastjóri grunnskóla	1,0
7. Skólastjórar leikskóla	2,0
8. Skólastjóri tónlistaskóla	1,0
9. Slökkviliðsstjóri	
10. Eftirfarandi starfsfólk Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Uppsala:	
Rekstrarstjóri	1,0
Hjúkrunarforstjóri	1,0
Hjúkrunarfræðingur	0,5
Þvottur	0,75
Eldhús	1,0
Starfsstúlkur	3,0

Skrá þessi tekur þegar gildi.

*Fáskrúðsfirði, 20. janúar 2005.*

F.h. Austurbyggðar,

**Steinþór Pétursson** sveitarstjóri.

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ.

## 1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu (sorp-hreinsunar og sorpeyðingar) í Ísafjarðarbæ.

## 2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði	Sorphreinsigjald	kr.	8.800 á íbúð
	Sorpeyðingargjald	kr.	9.300 á íbúð
	Sorphirðugjöld alls	kr.	18.100 á íbúð

Sumarbústaðir og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóða-hættu:

Sorpeyðingargjald	kr.	4.900 á fasteign.
-------------------	-----	-------------------

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar:

Flokkur	Sorpeyðingargjald kr.
0	0
1	10.500
2	21.000
3	42.000
4	84.000
5	126.000
6	210.000
7	294.000
8	483.000
9	735.000
10	966.000
11	18 kr./kíló

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað.

Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir. Fyrir aðra greiðendur verður gefinn út sérstakur reikningur í byrjun árs, með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

## 3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar setur sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu FUNA sem veitt er aðilum utan marka kaupstaðarins. Ef aðili er með rekstur bæði innan og utan marka bæjarfélagsins skal greiða sérstaklega fyrir förgun sorps frá þeim hluta starfseminnar sem staðsett er utan Ísafjarðarbæjar. Fyrir förgun brotajárns skal greiða sérstaklega 7 kr. fyrir hvert kíló. Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma brotajárni á móttökustað í FUNA.

Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

## 4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B. lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjalddögu bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrif-

leg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt samþykkt fyrir sorphirðu hjá Ísafjarðarbæ, nr. 135/2000 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 29/2004.

*Ísafjarðarbæ, 14. janúar 2005.*

**Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um skrá Hjúkrunarheimilisins Eirar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir áðurnefnda grein:

*Hjúkrunarfræðingar.*

Hjúkrunarforstjóri	1,0 staða
Hjúkrunarfræðingur yfir öllu heimilinu á næturvakt	1,0 staða
Hjúkrunarfræðingur á hverja deild á morgunvakt (7 deildir)	9,8 stöður
Hjúkrunarfræðingur á hverja deild á kvöldvakt (7 deildir)	9,8 stöður

*Sjúkraliðar.*

Sjúkraliðar á hverja deild, morgun-, kvöld- og næturvaktir (7 deildir)	5,75 stöður
--	-------------

*Reykjavík, 20. janúar 2005.*

Hjúkrunarheimilið Eir,

**Birna Kr. Svavarsdóttir** hjúkrunarforstjóri.

## GJALDSKRÁ

### fyrir holræsagjald í Ísafjarðarbæ.

## 1. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Ísafjarðarbæ eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarstjórnar.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,22% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

## 2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið nýtur aðfararheimildar skv. 4. tl. 87. gr. laga nr. 15/1923, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinna skattskyldu eign án tillits til eigenda-skipta. Holræsagjaldið nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 3. gr.

Bæjarstjórn getur samþykkt að fella niður eða lækka holræsagjald hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt heimild í 5. mgr. 87. gr. vatnalaga, sbr. lög nr. 137/1995.

## 4. gr.

Gjalddagar holræsagjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist holræsagjaldið með fasteignasköttum.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Ísafirði, 14. janúar 2005.*

**Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

**um störf hjá Fjarðabyggð sem falla undir 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Skrá yfir þau störf sem falla undir 6. – 8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

### Fjarðabyggð:

<i>Starfsheiti</i>	<i>Stöðugildi</i>
Bæjarstjóri	1
Forstöðumaður fjármála- og stjórnsýslusviðs	1
Forstöðumaður umhverfissviðs	1
Forstöðumaður félagsþjónustusviðs	1
Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs	1
Slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar	1
Hafnarstjórar á Eskifirði, Neskaupstað og Reyðarfirði	3
Stöðvarstjórar þjónustumiðstöðvar Eskifirði og Neskaupstað	2
Rafveitustjóri Rafveitu Reyðarfjarðar	1

Skrá yfir þau störf sem falla undir 5. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

**Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð:**

Framkvæmdastjóri	1
Hjúkrunarforstjóri	0,8
Sjúkraliðar í umönnum	2,5
Starfsmenn við aðhlynningu	0,4
Hjúkrunarforstjóri	0,8
Mötuneyti stöðugildi	1,3

Skrá þessi tekur þegar gildi við birtingu.

*Fjarðabyggð, 19. janúar 2005.*

**Guðmundur Bjarnason** bæjarstjóri.

**AUGLÝSING****um hækkun sorphirðugjalda í Fjarðabyggð.**

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og 7. gr. samþykktar nr. 153/2000 um sorphreinsun í Fjarðabyggð hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkt að hækka gjaldskrá fyrir hirðu og eyðingu sorps í Fjarðabyggð nr. 56/2002. Í 2. gr. gjaldskrár verður sorphirðugjald 7.900 kr. og sorpeyðingargjald í 6.800 kr. á hverja tunnu. Hækkun gjalda var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 15. desember 2004 og öðlast þegar gildi.

*Fjarðabyggð, 19. janúar 2005.*

**Guðmundur Bjarnason** bæjarstjóri.

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 574, 7. júlí 2004 um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2004/2005.**

1. gr.

Í stað: „26.600“ í 1. mgr. 3. gr komi: 78.600.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. janúar 2005.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*



## AUGLÝSING

**um skrá Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (kt. 671077-0169)  
skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Á sjúkrahúsinu Vogu er starfrækt áfengis- og vímuefnamedferð. Þar er rúm fyrir 73 sjúklinga. Á meðferðarheimilunum Vík á Kjalarnesi og Staðarfelli í Dölum eru rúm fyrir 30 sjúklinga á hvorum stað. Sjúklingar á þessum stöðum verða ekki útskrifaðir tafarlaust. Ennfremur er nauðsynlegt að taka til meðferðar sjúka áfengis- og vímuefnaneytendur.

Í 2. gr. laga nr. 94/1986 er tekið sérstaklega fram að lög þessi nái einnig til starfsmanna sjálfseignarstofnana sem starfa í almannabágu skv. lögum og eru á fjárlögum.

Í 2. gr. laga nr. 94/1986 eru tilgreindir þeir sem ekki er heimilt að fara í verkfall og í 3. – 4. og 6. tl. 1. mgr. 19. gr. segir að heimild til að fara í verkfall nái eigi til þeirra er starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.

Í 2. mgr. 19. gr. er gert ráð fyrir að skrá yfir þá sem falla undir 3. – 4. og 6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 sé birtur opinberlega.

Fer hér á eftir skrá yfir alla þá starfsmenn sem skv. öllu ofanrituðu er óheimilt að fara í verkfall:

### **Sjúkrahúsið Vogur:**

*Læknar:* Alls 2,5 stöðugildi. Læknar þessir gegna einnig störfum við meðferðarheimilin Vík og Staðarfell.

*Hjúkrunarforstjóri:* Alls 1,0 stöðugildi.

*Hjúkrunarfræðingar:* Alls 4,2 stöðugildi sem raðast þannig: 1 staða morgunvakt, 1 staða kvöldvakt og 1 staða næturvakt.

*Sjúkraliðar:* Alls 2,8 stöðugildi sem raðast þannig: 1 staða morgunvakt og 1 staða kvöldvakt.

*Dagskrárstjóri:* Alls 1,0 stöðugildi.

*Ráðgjafar:* Alls 7 stöðugildi, þar af 1,0 staða á vakt frá kl. 20.00 – 04.00 daglega.

*Næturverðir:* Alls 2,0 stöðugildi.

*Eldhús:* Alls 1,0 stöðugildi yfirmatreiðslumanns.

### **Meðferðarheimilið Vík, Kjalarnesi:**

*Dagskrárstjóri:* Alls 1,0 stöðugildi.

*Ráðgjafar:* Alls 2,0 stöðugildi á vöktum alla daga vikunnar.

### **Meðferðarheimilið Staðarfelli í Dölum:**

*Dagskrárstjóri:* Alls 1,0 stöðugildi.

*Ráðgjafar:* Alls 3,0 stöðugildi á vöktum alla daga vikunnar.

### **Skrifstofa Síðumúla 3:**

*Framkvæmdastjóri:* Alls 1,0 stöðugildi.

*Launafulltrúi:* Alls 1,0 stöðugildi

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 20. janúar 2005.*

F.h. Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann,

**Ágúst Jónatansson.**

# AUGLÝSING

um skrá Hrafnistu Reykjavík, Hrafnistu Hafnarfirði, Vífilstaða og Víðiness  
skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga  
opinberra starfsmanna.

## Sjúkraliðar.

Lágmarksmönnun ef til verkfalla kemur árið 2005:

Fjöldi stöðugilda á: Dagvakt Kvöldvakt Næturvakt  
(á einnig við um helgar)

### Hrafnista Reykjavík

A-3	1	1	1
EFG-2	2	1	1
H-1	2	2	1
H-2	1	1	1
EFG-3	2	1	1
Dvalarheimili	2	1	1
Samtals:	10	7	6

### Hrafnista Hafnarfirði

2-B	2	1	1
3-B	1	1	1
4-B	2	1	1
Dvalarheimili 141	2	1	1
Samtals:	7	4	4

Víðines 2 1 1

Vífilstaðir 1 0,5 0

## Hjúkrunarfræðingar

Lágmarksmönnun ef til verkfalla kemur árið 2005:

Fjöldi stöðugilda á: Dagvakt Kvöldvakt  
(á einnig við um helgar)

### Hrafnista Reykjavík

A-3	1	1
EFG-2	1	1
H-1, H-2	1	1
EFG-3	1	1
Dvalarheimili	1	1
	5	5

Einn hjúkrunarfræðingur á næturvakt

Fjöldi stöðugilda á:

Dagvakt    Kvöldvakt

(á einnig við um helgar)

**Hrafnista Hafnarfirði**

2-B	1	1
3-B	1	1
4-B	1	1
Dvalarheimili 141	1	1
	<hr/>	<hr/>
	4	4

Einn hjúkrunarfræðingur á næturvakt

**Víðines**

1                      1

Einn hjúkrunarfræðingur á bakvakt á nóttunni

**Vífilsstaðir**

2                      2

Einn hjúkrunarfræðingur á næturvakt

Skráin öðlast gildi 1. febrúar 2005.

*Reykjavík, 20. janúar 2005.***Kristján Sigurðsson**, forstöðumaður stjórnunarsviðs.**AUGLÝSING****um skrá Seltjarnarnesbæjar skv. 5. – 8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986  
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Skrá yfir þá sem falla undir 6. – 8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

*Seltjarnarnesbær:*

Bæjarstjóri

Framkvæmdastjóri fjárhags- og stjórnsýslusviðs

Framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs

Framkvæmdastjóri íþróttu, tómstunda- og æskulýðssviðs

Framkvæmdastjóri félagsþjónustusviðs/félagsmálastjóri

Framkvæmdastjóri tækni- og umhverfissviðs

Skólastjóri grunnskóla

Aðstoðarskólastjórar grunnskóla (2 stöðugildi)

Skólastjórar leikskóla (2 stöðugildi)

Skólastjóri tónlistarskóla

Deildarstjóri launadeildar

Bæjartæknifræðingur

Grunnskólafulltrúi

Leikskólafulltrúi

*Hitaveita Seltjarnarness:*

Hitaveitustjóri

Skrá yfir þá sem falla undir 5. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

*Íbúðir aldraðra, Skólabraut: Forstöðumaður íbúða aldraða.*

Auglýsing þessi öðlast gildi við birtingu.

*Seltjarnarnesi, 25. janúar 2005.*

**Lúðvík Hjalti Jónsson**, framkvæmdastjóri fjárhags- og stjórnsýslusviðs.

## AUGLÝSING

**um skrá Holtsbúðar, dvalar- og hjúkrunarheimilis í Garðabæ, skv. 2. málsgrein 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

	Stöðugildi
Dagvistun/færnisþjálfun	2,00
Skrifstofustörf	1,00
Hjúkrunardeild	12,72
Mötuneyti	7,20
Ræsting/þvottahús	4,00

Skrá þessi tekur þegar gildi.

*Garðabæ, 20. janúar 2005.*

**Helga Elísdóttir** rekstrarfulltrúi.

## AUGLÝSING

**um skrá Skógarbæjar, hjúkrunarheimilis Árskógum 2, Reykjavík, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Á hjúkrunarheimilinu eru 70 aldraðir sjúklingar og 11 yngri sjúklingar, allir í langtíma-vistun og verða ekki útskrifaðir annað. Hjúkrunarheimilinu er skipt í 6 vinnueiningar, 1 fyrir yngri einstaklinga en 67 ára, 3 fyrir sjúklinga með heilabilun og 2 fyrir aldraða hjúkrunar-sjúklinga.

Eftirfarandi skrá er yfir þá sem falla undir 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

<i>Starf</i>	<i>Stöðugildi</i>
Framkvæmdastjóri	1,00
Hjúkrunarforstjóri	1,00
Launafulltrúi	1,00
Yfirmaður eldhúss	0,75
Matarfræðingur	0,75
Húsvörður	0,00 (bakvakt)

Á hjúkrunardeildum er samtals gert ráð fyrir eftirfarandi neyðarmönnun:

*Hjúkrunarfræðingar fyrir allar deildir:*

Morgunvakt virka daga	3,00 stg.
Morgunvakt helgar	1,00 stg.
Kvöldvakt	1,00 stg.
Næturvakt	0,00 stg. (bakvakt)

*Sjúkraliðar á viðkomandi deildum:*

Hólabær/Efstibær	2,8 stg. (1 á morgunvakt, 1 á kvöldvakt)
Austurbær/Vesturbær	2,8 stg. (1 á morgunvakt, 1 á kvöldvakt)
Heiðabær/Brekkubær	4,2 stg. (1 á morgunvakt, 1 á kvöldvakt, 1 á næturvakt)

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 20. janúar 2005.*

Fyrir hönd stjórnar Skógarbæjar,

**Hrefna Sigurðardóttir** framkvæmdastjóri.

## AUGLÝSING

**um skrá Húsavíkurbæjar skv. 2. mgr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 með síðari breytingum.**

*Skrá yfir þá sem falla undir 5. tölulið 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna:*

<i>Starf:</i>	<i>Stöðugildi:</i>
Slökkviliðsstjórar	1,0

*Skrá yfir þá sem falla undir 6. tölulið 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna:*

Bæjarstjóri	1,0
Bæjarritari/framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs	1,0
Innheimtu- og launafulltrúi, (vegna launavinnslu)	1,0
Forstöðumaður bókhalds- og tölvuvinnslu, (vegna launavinnslu)	1,0
Afgreiðslugjaldkeri, (vegna launavinnslu)	1,0
Bæjarverkfræðingur/framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs	1,0

*Skrá yfir þá sem falla undir 7. tölulið 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna:*

<i>Starf:</i>	<i>Stöðugildi:</i>
Deildartæknifræðingur	1,0
Fræðslufulltrúi/framkvæmdastjóri fjölskyldu- og þjónustusviðs	1,0
Tómstundafulltrúi	1,0
* Bæjarverkstjóri	1,0
* Tækjastjóri í áhaldahúsi	1,0
* Hafnarvörður	1,0
Veitustjóri orkuveitu	1,0
* Rekstrarstjórar orkuveitu	2,0
Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri grunnskóla	2,0
Skólastjóri tónlistarskóla	1,0
Skólastjórar og aðstoðarskólastjórar leikskóla	4,0
* Forstöðumaður bókasafns	1,0
* Forstöðumaður sundlaugar	1,0
* Forstöðumaður íþróttahallar	1,0
* Vegna stjórnslu og / eða öryggismála	

Skrá þessi tekur þegar gildi.

*Húsavík, 31. janúar 2005.*

**Guðmundur Níelsson** bæjarritari.

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Rangárþingi ytra árið 2005.

#### 1. gr.

Gjald fyrir undanþágu til hundahalds sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald í Rangárþingi ytra nr. 617/2004, skal á árinu 2005 vera kr. 9.700. Gjaldddagi er 1. mars og eindagi 31. mars vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.

Kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða. Gjald vegna föngunar og vörslu lausra hunda er kr. 5.000. Innifalin er vinna, akstur, umsjón og búrleiga. Að auki greiðist annar útlagður kostnaður.

#### 2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra 5. janúar 2005 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2005 og tekur þegar gildi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána 18. janúar 2005.

*Hellu, 24. janúar 2005.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings ytra,

**Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.**

## AUGLÝSING

### um skrá Dalvíkurbyggðar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 6. – 8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

*Dalvíkurbyggð:*

Bæjarstjóri.	
Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs; fjármála- og stjórnsýslustjóri.	
Sviðsstjóri félagsmálasviðs; félagsmálastjóri.	
Sviðsstjóri fræðslusviðs; skólamálafulltrúi.	
Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs; bæjartæknifræðingur.	
Slökkviliðsstjóri.	
Skólastjórar grunnskóla	3,0 stöðugildi.
Aðstoðarskólastjórar grunnskóla	1,0 stöðugildi.
Skólastjórar leikskóla	2,0 stöðugildi.
Starfsmenn launadeildar	1,0 stöðugildi.
Skólastjóri tónlistarskóla.	
Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi.	
Veitustjóri.	

Skrá þessi tekur þegar gildi.

*Dalvíkurbyggð, 25. janúar 2005.*

**Guðrún Pálína Jóhannsdóttir**, fjármála- og stjórnsýslustjóri.

## AUGLÝSING

### um skrá Vestmannaeyjabæjar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 5. – 8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

*Vestmannaeyjabær:*

<i>Starf:</i>	
Bæjarstjóri	
Framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs	
Framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs	
Framkvæmdastjóri félags- og fjölskyldusviðs	
Framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs	
Slökkviliðsstjóri	
Slökkviliðsmenn - 28 menn	
Skólastjóri Hamarsskóla	
Aðstoðarskólastjóri Hamarsskóla	
Skólastjóri barnaskólans	

Aðstoðarskólastjóri barnaskólans  
 Leikskólastjóri Sóla  
 Leikskólastjóri Rauðagerðis  
 Leikskólastjóri Kirkjugerðis  
 Starfsmenn launadeildar – 1,5 stöðugildi  
 Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar Vestmannaeyjabæjar  
 Forstöðumaður íþróttamiðstöðvar Vestmannaeyjabæjar  
 Skólastjóri Tónlistarskóla  
 Forstöðumaður bókasafns/safnahússins  
 Forstöðumaður Náttúrugripasafns Vestmannaeyja  
 Skólafulltrúi (vegna launagreiðslna)  
 Hafnarstjóri  
 Áhafnarmedlimir á Lóðsinum  
 Verndarfulltrúar/hafnarvernd/verðir - 2 stöðugildi  
 Forstöðumaður Félagsheimilisins

	<i>Stöðugildi</i>
<i>Dvalarheimilið Hraunbúðir:</i> Rekstrarstjóri	1,0
Hjúkrunarforstjóri	1,0
Dagvistun/föndur	1,2
Hjúkrunar- og þjónustudeildir	
- hjúkrunarfræðingar	1,7
- sjúkraliðar	2,5
- þjónusta	13,2
Mötuneyti	6,1
Ræsting/þvottur	3,6
Rekstur fasteigna	1,0
Endurhæfing	1,0
<i>Sambýlið Vestmannabraut:</i> Forstöðumaður	1,0
Stuðningsfulltrúar	4,0
<i>Dag- og skammtímavistun Búhamri:</i>	
Forstöðumaður	1,0
Stuðningsfulltrúar	3,3
<i>Athvarf, vistun fyrir börn með hegðunarvanda og geðraskanir:</i>	
Forstöðumaður	1,0
Stuðningsfulltrúar	1,3

Skrá þessi tekur þegar gildi.

*Vestmannaeyjum, 19. janúar 2005.*

**Viktor S. Pálsson**, framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.



## AUGLÝSING

um skrá Dvalarheimilisins Áss skv. 2. mgr. 19. gr.  
laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hjúkrunarfræðingar í félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga:	
Hjúkrunarforstjóri	1,0 stöðugildi
Hjúkrunarfræðingur á dagvakt	1,0 stöðugildi
Hjúkrunarfræðingur á bakvakt á kvöld- og næturvöktum	1,0 stöðugildi
Sjúkraliðar í S.L.F.Í.:	
Dagvakt	2 sjúkraliðar
Kvöldvakt	1 sjúkraliði
Næturvakt	1 sjúkraliði

Skráin öðlast gildi 1. febrúar 2005.

*Hveragerði, 25. janúar 2005.*

F.h. Dvalarheimilisins Áss,

**Gísli Páll Pálsson** framkvæmdastjóri.

## AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur  
sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölsverksmiðju Samherja hf., Fiskimjöl og lýsi, kt. 610297-3079, Ægisgötu 2, 240 Grindavík. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2015.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf., kt. 570269-7479, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2015.

*Umhverfisstofnun, 18. janúar 2005.*

**Davíð Egilson** forstjóri.

---

*Sigurbjörg Gísladóttir,  
forstöðumaður stjórnsýslusviðs.*

# SAMÞYKKT

## um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Með samþykkt þessari kemur Grímsnes- og Grafningshreppur á hreinsun fráveituvatns og reglubundinni losun, vinnslu eða förgun seyru úr rotþróum í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ og reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

Samþykkt þessi nær til allra fasteigna (íbúðarhúsnæðis, sumarbústaða, stofnana) og atvinnustarfsemi í Grímsnes- og Grafningshreppi. Samþykktin nær til rotþróa, set- og sand-skilja, fellitanka og olú- og fitugildra.

Heilbrigðinefnd Suðurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Sveitarstjórn heldur skrá yfir rotþrær og settanka. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Þeir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyru skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt skal losunar- og hreinsitækni vera í samræmi við reglur heilbrigðisnefndar.

##### 2. gr.

Sérhverjum húsráðanda og forsvarsmanni fyrirtækis eða stofnunar í Grímsnes- og Grafningshreppi er skylt að leiða fráveitu frá salernum, eldhúsum og þvottahúsum í rotþró af viðurkenndri stærð og gerð og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og fyrirmælum heilbrigðisnefndar eða annan sambærilegan búnað. Samþykki heilbrigðisnefndar þarf fyrir nýjar og endurbættar fráveitur.

##### 3. gr.

Losun seyru og setefna skal að öllu jöfnu framkvæmd annað hvert ár við skóla, heilbrigðisstofnanir, matvælaframleiðslustaði, veitinga- og gistiþjónustu og þriðja hvert ár við heimili og sumarhús. Fulltrúi sveitarfélagsins hefur yfirumsjón með verkinu og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefni á hverjum tíma, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

##### 4. gr.

Grímsnes- og Grafningshreppur sendir út tilkynningu árlega um hvenær seyru losun fari fram. Sérhverjum húsráðanda er skylt að sjá til þess að aðgengi fyrir losunaraðila sé gott að rotþróum og settönkum. Heimil er notkun viðurkenndra gerla og ensíma til að auka virkni rotþróa.

### II. KAFLI

#### Gjöld vegna hirðu og meðhöndlunar seyru.

##### 5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að setja gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, til að standa undir kostnaði við seyruhirðu og meðhöndlun. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við tíðni seyruhirðu og eftir aðstæðum, magn. Heimilt er að innheimta seyrugjöld

hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt rúmmáli og/eða þyngd seyru eða öðru samkomulagi við viðkomandi, heimilt er jafnframt að taka gjald vegna aukalosana. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

6. gr.

Sveitarstjórn flokkar gjaldendur samkvæmt gjaldskránni og eftir tíðni, umfangi og magni seyru frá viðkomandi starfsemi eða fasteign. Sveitarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá gjaldskrá þessari. Um slíkt skal sótt til sveitarstjórnar, sem fjallar sérstaklega um hvert mál fyrir sig.

### III. KAFLI

#### Ýmis ákvæði.

7. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna seyruhirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

8. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

9. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps, er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og tekur gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. janúar 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um skrá Heilsustofnunar NLFÍ skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986  
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Hjúkrunarfræðingar, í FÍH.	4,2 stg.
Sjúkraliðar, í SLFÍ.	4,2 stg.
Sjúkraþjálfarar, í SSPÍ.	2 stg.

Skráin öðlast gildi 1. febrúar 2005.

*F.h. Heilsustofnunar NLFÍ, 14. janúar 2005.*

**Ólafur Sigurðsson** framkvæmdastjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir sorpeyðingu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorpeyðingargjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald), sbr. samþykkt nr. 417/2000, sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjaldskrá fyrir sorpeyðingu:

	kr.
Lögbýli	7.970
Íbúðarhús	6.584
Frístundahús (sumarhús)	6.584
Fyrirtæki/smárekstur	7.970
Losun úr gámum	371 pr. kg

Sveitarstjórn tekur tillit til magns og flokkunar úrgangs frá fyrirtækjum og öðrum aðilum er þjónustuna nota. Þeir sem óska eftir aukagámum greiða kostnað vegna gámaflutninga.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og sbr. samþykkt nr. 417/2000 fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi og tekur gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá ársins 2004 fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 18. janúar 2005.*

**Margrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.

## GJALDSKRÁ

### hafna í Austurbyggð – Fáskrúðsfjarðarhöfn og Stöðvarfjarðarhöfn.

Öll eftirtalin gjöld eru án VSK og leggst því VSK á allar fjárhæðir við útgáfu reikninga.

#### Skipagjöld:

Lestargjöld (mest 2 sinnum í mánuði)	7,40 kr./mæliein.
Bryggjugjöld (mest 26 sinnum í mánuði)	1,80 kr./mæliein./12 tíma.
Lestar- og bryggjugjöld (mánaðargjöld)	48,40 kr./mæliein./sólarhr.
Lestar- og bryggjugjöld (mán. gjöld), lágmarksgjald	5.286 kr./mán.
Lestar- og bryggjugjöld (mán. gjöld), lágmarksgjald bátar minni en 20 tonn	3.549 kr./mán. (er 3.759)

**Skipagjöld:**

Við útskrift skipagjalda skv. stærð skipa skal miða við mestu brúttóntonnatölu skipa skv. alþjóðlegu mælibréfi sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969. Skipagjöld eru lögð á þau skip og báta er nota viðkomandi höfn, bryggju-gjöld og lestargjöld sem eru miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.

*Lestargjöld:*

Af öllum skipum skal greiða lestargjald. Af innlendum skipum þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.

*Bryggjugjöld:*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða fyrir hverja byrjaða 12 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum sem mánaðargjald.

**Vörugjöld:**

1. flokkur	173,50 kr./tonn
2. flokkur	334,00 kr./tonn
3. flokkur	360,60 kr./tonn
4. flokkur aflagjald	1,28% af aflaverðmæti

Lágmarksgjald af öllum flokkum 109,00 kr.

*1. flokkur:*

Bensín, brennsluolía, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

*2. flokkur:*

Lýsi og fiskimjöl.

*3. flokkur:*

- Pungavarningur s.s. sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar- og byggingaframkvæmda.
- Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra s.s. heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
- Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnuvéla innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna enda ferðist eigendur með sama skipi.

*4. flokkur:*

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystiskipa og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast m.v. tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverðmæti.

Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi síðar en mánaðarlega.

**Þjónustugjöld:***Hafnsaga:*

Hafnarsjóður getur haft milligöngu um að útvega hafnsögumann og er greitt fyrir skv. reikningi.

Hafnsögugjald

Fast gjald

Eftir reikningi

*Hafnarvernd:*

Vöktun yfirvinna

3.200 kr. pr. tímann

Vöktun dagvinna

2.000 kr. pr. tímann

Fast gjald vegna búnaðar

5.000 kr. pr. komu

*Vatnsgjöld:*

Vatn afgreitt frá bryggju:

Vatn til skipa

115 kr. pr. tonn

Lágmarksgjald

1.730 kr. pr. tonn

Vatn til heimabáta &gt;20 &lt; 100 br.tonn

3.000 kr. pr. mán.

Vatn til heimaskipa

6.427 kr. pr. mán.

Tengigjald vatns utan dagvinnu

3.127 kr.

*Vigtargjöld:*

Almenn vigtun

75,70 kr. pr. tonn

Lágmarksgjald pr. vigtun

438 kr.

Vigtun flutningabíla

735 kr.

*Útseld vinna við vigtun o.fl.:*

Yfirvinna

3.200 kr. pr. tímann

Dagvinna

2.000 kr. pr. tímann

Yfirvinna innheimtist aukalega og skiptist milli aðila ef unnið er fyrir fleiri en einn sam-tímis.

*Sorpgjald:*

Fyrir hverja komu í höfn

1.000 kr. pr. komu

Sérferðir á flokkunarstöð eru greiddar af viðkomandi

*Festargjald:*

Gjald þegar hafnarvörður bindur skip

4.775 kr.

*Geymslugjald:*

Gjald fyrir geymslu á veiðarfærum (nætur, troll) á hafnarköntum.

Frítt fyrstu vikuna síðan 2.060 kr. pr. sólarhring.

*Annað:*

Aðstöðugjald vegna upptöku báta

(fast gjald sbr. eitt bryggjugjald fyrir smábáta)

3.759 kr.

Mælaleiga

1.180 kr.

Gámarafmagn/annað rafmagn

9,09 kr./kwst.

Fari tenging fram utan dagvinnutíma greiðist tengigjald

3.127 kr.

Gjaldskráin þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 61/2003 og var samþykkt í hafnarnefnd Austurbyggðar 17. nóvember 2004.

*Fáskrúðsfirði, 14. janúar 2005.*

F.h. hafnarnefndar Austurbyggðar,

**Steinþór Pétursson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Suðurbyggðar, íbúðarhverfi B á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 12. janúar 2005 tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð í Suðurbyggð B á Selfossi.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 12. október 2004 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 22. október 2004 til og með 19. nóvember 2004 með athugasemdafresti til og með 3. desember 2004.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillöguna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskiplagið tekur þegar gildi.

*Selfossi, 17. janúar 2005.*

**Grétar Zóphaníasson**, fulltrúi á skipulags- og byggingadeild.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundarbyggðar á Arnarstapa í Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 9. desember 2004 deiliskipulag frístundarbyggðar á Arnarstapa í Snæfellsbæ. Deiliskipulagið er fyrir frístundarbyggð fyrir allt að 38 frístundarhúsalóðir. Á hverri lóð er heimilt að reisa aðalhús og aukahús sem samtals geta orðið allt að 120 fermetrar. Deiliskipulagssvæðið liggur austan við Útnesveg og norðan við Arnarbraut.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 13. janúar 2005.*

**Kristinn Jónasson** bæjarstjóri.

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Minningarsjóð Margrétar Björgólfsdóttur.

Þóra Hallgrímsson, kt. 280130-2579, og Björgólfur Guðmundsson, kt. 020141-7199, Vesturbrún 22, 104 Reykjavík, stofna hér með sjóð til að efla menntir, menningu, íþróttir og annað sem stuðlar að heilbrigðu lífverni og bættu mannlífi. Skipulagsskrá sjóðsins er svo-  
hljóðandi:

### 1. gr.

Heiti sjóðsins er Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur.  
Heimili sjóðsins er í Reykjavík.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.000.000 – krónur fimmhundraðmilljónir o/100. Stofnféð er framlag Björgólfs Guðmundssonar og Þóru Hallgrímsson. Stjórn sjóðsins getur leitað eftir gjafafé og öðrum framlögum frá utanaðkomandi aðilum. Sjóðinn ber að ávaxta með tryggi-  
legum hætti.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslunni.

Fjárvarsla sjóðsins verður í aðalbanka Landsbanka Íslands hf. eftir nánara samkomu-  
lagi.

### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður og vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum áskotnast,  
gjafir, áheiti og annað fé.

### 4. gr.

Markmið sjóðsins er að auka almannaheill og bæta mannlíf á Íslandi. Markmiðum sínum  
hyggst sjóðurinn ná með því að styrkja einstaklinga, verkefni og félag til mennta, framtaks,  
athafna og keppni, ekki hvað síst á alþjóðlegum vettvangi.

Stjórn sjóðsins hefur heimild til að úthluta styrkjum þegar hún telur ástæðu til. Styrki  
úr sjóðnum skal auglýsa tvisvar á ári.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum, skipuðum til fimm ára í senn. Fyrstu stjórn  
sjóðsins skipa Björgólfur Guðmundsson formaður, Bentína Björgólfsdóttir, kt. 220757-6179,  
og lögmaður tilnefndur af formanni sjóðsstjórnar. Að Björgólfi gegnum skal Björgólfur Thor  
Björgólfsson, kt. 190367-3479 taka sæti formanns sjóðsstjórnar og Helga Theodórsdóttir, kt.  
211254-5219, skal taka sæti Bentínu, að henni genginni. Gangi framanrituð úr stjórn án þess  
að tilnefna eftirmenn sína, skal eitthvert systkina eða niðja systkina Margrétar Björgólfs-  
dóttur taka sæti þeirra í stjórninni.

Við ákvarðanir innan sjóðsins, þ. á m. um úthlutun, ræður einfaldur meirihluti stjórnar-  
manna.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða starfsmann til að vinna að markmiðum sjóðsins.

### 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðstjórn semur reikninga sjóðsins fyrir 1. júní  
ár hvert. Stjórnin skal ráða löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga sjóðsins.  
Endurskoðaður reikningur sjóðsins ásamt skýrslu stjórnar um það hvernig fé sjóðsins var  
ráðstafað á árinu skal senda til Ríkisendurskoðunar eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir starfa sinn.



## 7. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari mega fara fram ef allir stjórnarmenn eru sammála um breytingar á henni og dómsmálaráðherra heimilar eftir umsögn Ríkisendurskoðunar.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður nema með samþykki allra stjórnarmanna og að fenginni heimild dómsmálaráðherra eftir umsögn Ríkisendurskoðunar. Verði sjóðurinn lagður niður skal eignum hans varið til málefna, sem skyld eru hinu upprunalega markmiði sjóðsins.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. janúar 2005.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## SAMÞYKKT

### um meðhöndlun úrgangs á Álftanesi.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

## 1. gr.

Sveitarfélagið Álftanes annast eða býður út söfnun, flokkun og flutninga vegna úrgangs sem fellur til í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins bs. sér um móttöku úrgangs úr sveitarfélaginu, nánari flokkun, böggun, endurnotkun, endurnýtingu eða förgun samkvæmt samþykktum um byggðasamlagið.

Sveitarfélagið sér um söfnun og förgun úrgangs frá íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og förgun úrgangs frá atvinnuhúsnæði. Frá atvinnuhúsnæði er einnig hreinsaður kaffistofuúrgangur. Unnt er að semja um aðra þjónustu varðandi meðhöndlun úrgangs frá atvinnurekstri.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með starfsemi, sbr. ákvæði 4. mgr. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd meðhöndlunar úrgangs. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

## 2. gr.

Húsráðendum, forsvarsmönnum fyrirtækja eða stofnana í bæjarfélaginu er skylt að nota þær aðferðir og ílát við geymslu úrgangs og hreinsun sem bæjarstjórn í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

Sorpílát skulu fest með búnaði sem samþykktur er af bæjarfélaginu.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn, standa sem næst aðkomu að lóð og gerð skal grein fyrir fyrirkomulagi á byggingarnefndarupprætti. Þær skulu staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða.

Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorpílátum þegar þarf til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

## 3. gr.

Í sorpílát má aðeins setja heimilisúrgang, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni og brotajárn í sorpílát og gáma. Jarðvegsefnum, þ.m.t. grjóti eða múrbroti, skal komið á söfnunarstaði, endurvinnslustöðvar byggðasamlagsins eða sérmerkta samþykka losunarstaði.

Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað í móttökustöð, sem rekin er á vegum byggðasamlagsins eða Endurvinnslunnar ehf.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum skal pakkað eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt þannig að þeir sem meðhöndla úrgang eða sorpílát verði ekki fyrir hættu á skaða.

Gæta skal þess að fylla ekki sorpílatin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðandi getur beðið um að flátum sé fjölgað og greiðir þá aukagjald sem af fjölgun hlýst.

## 4. gr.

Söfnunargámar fyrir dagblöð, drykkjarfernur o.þ.h. vörur sem ætlað er að fara í endurvinnslu, skal komið fyrir þar sem almenningur á aðgang að.

## 5. gr.

Sorphreinsun almenns heimilisúrgangs fer fram eigi sjaldnar en á 10 daga fresti.

## II. KAFLI

**Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs.**

## 6. gr.

Bæjarstjórn skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er bæjarstjórn heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Heimilt er að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpílatá eða þjónustustig. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðal raunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei vera hærri en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

## III. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 7. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til framkvæmdaaðila verksins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar.

## 8. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og sorp á víðavangi, götum, gangstígum eða fjörum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslausa bíla, vélar og önnur tæki.

9. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 26. og 27. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 .

10. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. janúar 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um þá starfsmenn Sveitarfélagsins Árborgar sem ekki hafa verkfallsheimild,  
samkvæmt ákvæðum 19. gr. laga nr. 94/1986  
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Eftirtaldir starfsmenn hafa ekki verkfallsheild sbr. 5. – 8. tl. 19.gr.:

Bæjarstjóri

Bæjarritari

Framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Starfsmenn á launadeild (2 stöður)

Framkvæmdastjóri fjölskyldumiðstöðvar

Verkefnisstjóri fræðslumála

Skólastjórar grunnskóla (3 stöður)

Aðstoðarskólastjórar grunnskóla (4 stöður)

Leikskólafulltrúi

Leikskólastjórar (6 stöður)

Verkefnisstjóri íþrótta-, forvarna- og menningarmála

Verkefnisstjóri félagslegrar ráðgjafar

Verkefnisstjóri félagslegra úrræða

Framkvæmdastjóri framkvæmda- og veitusviðs

Byggingarfulltrúi

Verkstjóri þjónustumiðstöðvar

Verkstjóri vatnsveitu

Framangreint tekur gildi 15. febrúar 2005 og tilkynnist hér með að höfðu samráði við viðkomandi stéttarfélag.

*Selfossi, 18. janúar 2005.*

Bæjarstjórinn í Sveitarfélaginu Árborg,

**Einar Njálsson.**

## AUGLÝSING

### um skrár Garðabæjar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Garðabæjar 11. janúar 2005, að viðhöfðu samráði við öll hlutaðeigandi stéttarfélög starfsmanna.

#### I. Listi yfir þau störf sem falla undir 6.-7. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Bæjarstjóri	1 stöðugildi
Bæjarritari	1 stöðugildi
Bæjarverkfræðingur	1 stöðugildi
Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs	1 stöðugildi
Forstöðumaður fjölskyldu- og heilbrigðissviðs	1 stöðugildi
Deildarstjóri starfsmannahalds	1 stöðugildi
Launafulltrúi	1 stöðugildi
Íþróttafulltrúi	1 stöðugildi
Skólastjóri Flataskóla	1 stöðugildi
Aðstoðarskólastjóri Flataskóla	1 stöðugildi
Skólastjóri Garðaskóla	1 stöðugildi
Aðstoðarskólastjóri Garðaskóla	1 stöðugildi
Skólastjóri Hofsstaðaskóla	1 stöðugildi
Aðstoðarskólastjóri Hofsstaðaskóla	1 stöðugildi
Skólastjóri Sjalandskóla	1 stöðugildi

#### II. Listi yfir þau störf sem falla undir 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Rekstrarstjóri	1 stöðugildi
Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar	1 stöðugildi

Skrá þessi sem samþykkt hefur verið í bæjarráði Garðabæjar skal öðlast gildi við birtingu.

*Garðabæ, 11. janúar 2005.*

**Guðjón Erling Friðriksson** bæjarritari.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Bólstaðarhlíðarhrepps, Sveinsstaðahrepps, Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 7. janúar 2005 staðfest sameiningu Bólstaðarhlíðarhrepps, Sveinsstaðahrepps, Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps, í umdæmi sýslumannsins á Blönduósi, í eitt sveitarfélag. Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi hinn 1. janúar 2006.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum fjórum sveitarfélögum.

Íbúar hinna fjögurra sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum fjórum sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn allra sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 10. desember 2005, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar fjórar kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar nema annað verði ákveðið.

Kosið verður um nafn hins sameinaða sveitarfélags á grundvelli tillagna nefndar sem sveitarstjórnirnar skipa sameiginlega. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

*Félagsmálaráðuneytinu, 7. janúar 2005.*

**Árni Magnússon.**

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

**ríkisskattstjóra nr. 5/2005 um fresti til að skila framtölum  
og form framtala vegna álagningar opinberra gjalda á  
árinu 2005 á tekjur ársins 2004 og eignir í lok þess árs.**

### **Skilafrestir.**

1. gr.

Framtölum manna skal skila til skattstjóra eigi síðar en 21. mars 2005.

Þeim sem skila framtölum með rafrænum hætti á upplýsingavef ríkisskattstjóra rsk.is er þó heimilt að sækja um aukinn skilafrest á heimasíðu RSK. Lengdum fresti lýkur dagana 29. mars til 2. apríl, samkvæmt slembidreifingu.

2. gr.

Framtalsskyldir lögaðilar skulu skila framtali til skattstjóra eigi síðar en 31. maí 2005.

3. gr.

Þeir lögaðilar, sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið, skulu skila framtali til skattstjóra eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok reikningsárs.

## 4. gr.

Þeir framteljendur, sem af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem veikindum eða dvöl erlendis, geta ekki skilað framtali sínu innan ofangreindra fresta, skulu skila framtali sínu svo fljótt sem auðið er og gera grein fyrir ástæðum síðbúinna skila með athugasemd á framtalinu.

**Form og skilamáti framtala.**

## 5. gr.

Menn skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2004 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Á rafrænu skattframtali 2005 (RSK 1.01) á vef ríkisskattstjóra rsk.is.
- b) Með dulrituðu og undirrituðu skeyti úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
- c) Á skattframtali 2005 (RSK 1.01), sem ríkisskattstjóri hefur gefið út á pappír.

*Skattframtali manns í atvinnurekstri skal fylgja ársreikningur auk tilskilinna fylgiskjala, sbr. 6. gr.*

## 6. gr.

Menn, sem stunduðu atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á árinu 2004, skulu með skattframtali sínu 2005 gera grein fyrir tekjum sínum og eignum tengdum rekstri á neðangreindum eyðublöðum *er fylgja skulu skattframtali 2005*:

- a) Séu tekjur (velta) undir kr. 500.000 og eignir í rekstri engar eða óverulegar skal skila eyðublaðinu RSK 4.10.
- b) Sé velta á bilinu kr. 500.000 til kr. 20.000.000 skal skila eyðublaðinu RSK 4.11 ásamt viðeigandi fylgiskjölum, enda sé ekki um að ræða samrekstur, fráviksaðferðir í reikningshaldi eða byggingastarfsemi, þar sem beitt er verklokaaðferð. Réttilega útfyllt eyðublað RSK 4.11, sem uppfyllir jafnframt öll skilyrði III. kafla laga um bókhald, telst fullnægjandi ársreikningur í þessu tilliti. Sé eðli starfseminnar hins vegar þannig að sundurliðun á tekjum, gjöldum, eignum og skuldum samkvæmt RSK 4.11 gefi ekki skýra mynd af henni, s.s. sundurliðun helstu tekna- og kostnaðarliða, *skal* sérstakur ársreikningur fylgja framtali ásamt RSK 4.11.
- c) Sé velta yfir kr. 20.000.000 eða um sé að ræða samrekstur, fráviksaðferðir í reikningshaldi eða byggingastarfsemi, þar sem beitt er verklokaaðferð, skal skila eyðublaðinu RSK 1.04 ásamt ársreikningi og viðeigandi fylgiskjölum.

## 7. gr.

Vegna *búrekstrar* skulu neðangreind eyðublöð fylgja skattframtali manns eða lögaðila:

- a) Skattframtali manns skal fylgja eyðublaðið RSK 4.08, í stað RSK 1.04 eða RSK 4.11.
- b) Skattframtali lögaðila RSK 1.04, sbr. 8. gr., skal fylgja útfylltur bústofnshluti landbúnaðarskýrslu RSK 4.08.

## 8. gr.

Lögaðilar skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2004 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Á rafrænu skattframtali 2005 (RSK 1.04) á vef ríkisskattstjóra rsk.is.
- b) Með dulrituðu og undirrituðu skeyti úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.

- c) Á skattframtali rekstraraðila 2005 (RSK 1.04), sem ríkisskattstjóri hefur gefið út á pappír.

*Ársreikningi og öðrum tilskildum fylgiskjölum lögaðila skal skilað á sama tíma og skattframtali og með sama hætti og því er skilað, þ.e. rafrænum eða á pappír.*

9. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. 90. og 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignar-skatt, og tekur þegar gildi.

*Reykjavík, 20. janúar 2005.*

**Ingvar J. Rögnvaldsson** vararíkisskattstjóri.

## AUGLÝSING

### **ríkisskattstjóra nr. 6/2005 um gjaldstofn búnaðargjalds vegna rekstrarársins 2004.**

Eftirfarandi reglur skulu gilda um ákvörðun búnaðargjaldsstofns á árinu 2005 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2004. Reglurnar byggjast á ákvæðum 1. til 3. gr. laga nr. 84/1997, um búnaðargjald, og eru settar samkvæmt heimild í 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 59/2002, um breytingu á lögum nr. 84/1997.

Gjaldskyldir eru búvöruframleiðendur sem stunda landbúnað, skógrækt eða skógarhögg, þ.e. starfsemi sem fellur undir atvinnugreinar í deildum 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands (ÍSAT 95), aðrar en atvinnugreinar í flokkum 01.4 (þjónusta við jarðyrkju og búfjárrækt), 01.5 (dýraveiðar og tengd þjónusta) og 02.02 (þjónusta við skógrækt og skógarhögg).

Búnaðargjald nemur 2% af gjaldstofni, sem ákvarðast af veltu búvöru og tengdrar þjónustu. Til gjaldstofns telst virðisaukaskattsskyld velta og velta undanþegin virðisaukaskatti, svo sem sala úr landi og samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði (beingreiðslur) vegna mjólkur- eða sauðfjárframleiðslu. Til gjaldstofns telst ekki andvirði seldra varanlegra rekstrarfjármuna.

Frá gjaldstofni ákvörðuðum með framangreindum hætti heimilast frádráttur, annars vegar vegna vinnslu búvara og/eða sölu þeirra og hins vegar vegna kaupa á lífdýrum til áframeldis. Frádráttur ákvarðast sem hér segir:

#### **1. Frádráttur vegna vinnslu og sölu búvara.**

##### *1.1. Vegna vinnslu búvara.*

Að því leyti sem verð unninnar búvöru myndar gjaldstofn, sbr. framanritað, er búvöruframleiðanda heimilt að draga frá þannig reiknuðum gjaldstofni þóknun þá er hann greiðir vinnslufyrirtæki fyrir vinnsluna. Virðisaukaskattur af þóknuninni telst ekki til frádráttar, enda myndar hann innskatt í virðisaukaskattsuppgjöri búvöruframleiðandans.

Annist loðdýraræktandi sjálfur verkun loðskinna sinna má hann vegna verkunarinnar draga frá söluverði unninna skinna, er myndar gjaldstofn sbr. framanritað, fjárhæð er nemur:  
185 kr. fyrir hvert verkað minkaskinn,  
550 kr. fyrir hvert verkað refaskinn.

Annist svínaræktandi sjálfur slátrun sinna svína og verkun kjötsins má hann draga frá söluverði kjöts, er myndar gjaldstofn sbr. framanritað, fjárhæð er nemur:  
45 kr. fyrir hvert kg verkaðs kjöts

### *1.2. Vegna heildsölu búvara.*

Að því leyti sem heildsöluverð búvöru myndar gjaldstofn, sbr. framanritað, er búvöruframleiðanda heimilt að draga frá þannig reiknuðum gjaldstofni þóknun þá er hann greiðir heildsölufyrirtæki fyrir heildsöludreifinguna. Virðisaukaskattur af þóknuninni telst ekki til frádráttar, enda myndar hann innskatt í virðisaukaskattsuppgjöri búvöruframleiðandans.

Annist búvöruframleiðandi sjálfur heildsöludreifingu afurða sinna má hann vegna dreifingarinnar draga frá heildsöluverði, er myndar gjaldstofn sbr. framanritað, fjárhæð er nemur:  
15% heildsöluverðsins

Annist framleiðandi alifugla sjálfur slátrun fugla sinna og heildsöludreifingu kjötsins má hann vegna slátrunarinnar og heildsöludreifingarinnar draga frá heildsöluverði, er myndar gjaldstofn sbr. framanritað, fjárhæð er nemur:  
25% heildsöluverðs alifuglakjöts.

### *1.3. Vegna smásölu búvara.*

Annist búvöruframleiðandi smásölu afurða sinna (sölu beint til neytanda) má hann draga frá smásöluverði, er myndar gjaldstofn sbr. framanritað, fjárhæð er nemur:  
50% af smásöluverði á garðplöntum.  
30% smásöluverðsins á öðrum afurðum.

## **2. Frádráttur vegna kaupa á lífdýrum.**

Búvöruframleiðandi sem kaupir lífdýr til áframeldis í búnaðargjaldsskyldri starfsemi sinni má draga kaupverð lífdýranna frá gjaldstofni sínum. Virðisaukaskattur af kaupverðinu telst ekki til frádráttar, enda myndar hann innskatt í virðisaukaskattsuppgjöri fyrirtækisins.

Reglur þessar taka þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu búnaðargjalds á árinu 2005 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2004.

*Reykjavík, 24. janúar 2005.*

F.h. ríkisskattstjóra,

**Sigurjón Högnason.**

**Guðrún Þorleifsdóttir.**



## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Húsavíkurbæ árið 2005.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðu- og sorpeyðingargjald árið 2005, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) *Íbúðir:*

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald kr. 13.500 á hverja íbúð.

B) *Fyrirtæki:*

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.
a)	14.700
b)	29.400
c)	58.800
d)	117.600
e)	235.200
f)	470.400
g)	940.800

C) *Frístundahús:*

Sorpeyðingargjald kr. 2.800 á hús.

D) *Lögbýli:*

Sorpeyðingargjald kr. 19.000 á býli.

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurbæjar með tilvísun til heimildar í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541 frá 25. júlí 2000 og gildir fyrir árið 2005.

*Húsavík, 19. janúar 2005.*

**Vigfús Sigurðsson** deildartæknifræðingur.

## AUGLÝSING

### ríkisskattstjóra nr. 7/2005 um framlengingu á fresti skattstjóra til að úrskurða kærur vegna álagningar opinberra gjalda lögaðila 2004.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið með vísan til 120. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, að framlengja þann tveggja mánaða frest, sbr. 99. gr. tilvitnaðra laga, sem skattstjórum er settur til að úrskurða þær kærur, er bárust fyrir lok kærufrests þann 29. nóvem-

ber 2004 vegna þeirrar álagningar á lögaðila, sem auglýst var lokið í 126. tbl. Lögbirtinga-  
blaðsins, dags. 29. október 2004.

Samkvæmt framansögðu framlengist ofangreindur frestur til 5. apríl 2005. Auglýsing  
þessi tekur þegar gildi.

*Reykjavík, 24. janúar 2005.*

**Ingvar J. Rögnvaldsson** vararíkisskattstjóri.

## AUGLÝSING

### um skrá Kópavogsbæjar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.

Eftirtöldum starfsmönnum Kópavogsbæjar er óheimilt að fara í verkfall, samkvæmt 19.  
gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986:

Bæjarstjóri  
Bæjarritari, framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs  
Framkvæmdastjóri framkvæmda- og tæknisviðs  
Framkvæmdastjóri félagsmálasviðs  
Framkvæmdastjóri fræðslusviðs  
Framkvæmdastjóri tómsunda- og menningarsviðs  
Bæjarlögmaður  
Fjármálastjóri  
Starfsmannastjóri  
Deildarstjóri launadeildar  
Deildarstjóri tölvudeildar  
Fulltrúi á launadeild  
Starfsmaður launadeildar – 3 stg.  
Forstöðumaður sambýlis aldraðra – 3 stg.  
Forstöðumaður sundlaugar Kópavogs  
Forstöðumaður fjölskyldudeildar  
Skólastjórar í grunnskólum Kópavogs – 8 stg.  
Aðstoðarskólastjórar í grunnskólum Kópavogs – 8 stg.  
Verkstjóri vatnsveitu  
Yfirverkstjóri  
Eftirlitsmaður fasteigna

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 27. janúar 2005.*

**Þorsteinn Einarsson** starfsmannastjóri.

## AUGLÝSING

um skrá Skeggjastaðahrepps skv. 5.-8. gr. laga nr. 94/1986  
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skeggjastaðahreppur:  
Skólastjóri - 1 stöðugildi

Skrá þessi tekur þegar gildi.

*Bakkafirði, 27. janúar 2005.*

**Áki Guðmundsson** oddviti.

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að lækka leyfðan hámarkshraða úr 60 km/klst. í 50 km/klst. á Bæjarhálsi, milli Höfðabakka að hringtorgi á ónefndri götu við Suðurlandsveg.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 18. janúar 2005.*

**Ingimundur Einarsson** varalögreglustjóri.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
79	12. jan.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Klausturhóla, Grímsnes- og Grafningshreppi .....	93
80	14. jan.	Auglýsing um skrá Grímsnes- og Grafningshrepps skv. 6.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	93
81	4. jan.	Reglur félagsmálaráðs Akureyrar um fjárhagsaðstoð .....	94-102
82	14. jan.	Gjaldskrá Umhverfisstofnunar .....	102-107
83	14. jan.	Gjaldskrá fyrir kattahald í Ísafjarðarbæ .....	107-108
84	19. jan.	Auglýsing um skrá hjúkrunarheimilisins Garðvangs skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	108
85	20. jan.	Auglýsing um skrár Akureyrarbæjar samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 eins og þeim hefur verið breytt með lögum nr. 70/1996 .....	109-111
86	19. jan.	Auglýsing um skrá Grundar, dvalar- og hjúkrunarheimilis skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	112
87	20. jan.	Auglýsing um skrá yfir hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, sem starfa á Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík, og falla undir 1. mgr. 3. töluliðs 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	113
88	20. jan.	Auglýsing um skrá Austurbyggðar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	113
89	14. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ .....	114-115
90	20. jan.	Auglýsing um skrá Hjúkrunarheimilisins Eirar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	115
91	14. jan.	Gjaldskrá fyrir holræsagjald í Ísafjarðarbæ .....	115-116
92	19. jan.	Auglýsing um störf hjá Fjarðabyggð sem falla undir 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	116-117
93	19. jan.	Auglýsing um hækkun sorphirðugjalda í Fjarðabyggð .....	117
94	20. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 574, 7. júlí 2004 um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2004/2005 .....	117
95	20. jan.	Auglýsing um skrá Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímu-efnavandann (kt. 671077-0169) skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	118
96	20. jan.	Auglýsing um skrá Hrafnistu Reykjavík, Hrafnistu Hafnarfirði, Vífilstaða og Víðiness skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	119-120
97	25. jan.	Auglýsing um skrá Seltjarnarnesbæjar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	120-121
98	20. jan.	Auglýsing um skrá Holtsbúðar, dvalar- og hjúkrunarheimilis í Garðabæ, skv. 2. málsgrein 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	121
99	20. jan.	Auglýsing um skrá Skógarbæjar, hjúkrunarheimilis Árskógum 2, Reykjavík, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	121-122
100	31. jan.	Auglýsing um skrá Húsavíkurbæjar skv. 2. mgr. 19. gr. laga um	

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
		kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 með síðari breytingum .....	122-123
101	24. jan.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Rangárþingi ytra árið 2005 .....	123
102	25. jan.	Auglýsing um skrá Dalvíkurbyggðar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	124
103	19. jan.	Auglýsing um skrá Vestmannaeyjabæjar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	124-125
104	25. jan.	Auglýsing um skrá Dvalarheimilisins Áss skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna ...	126
105	18. jan.	Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun .....	126
106	17. jan.	Samþykkt um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyrju í Grímsnes- og Grafningshreppi .....	126-128
107	14. jan.	Auglýsing um skrá Heilsustofnunar NLFÍ skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna ...	128
108	18. jan.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir sorpeyðingu í Grímsnes- og Grafningshreppi .....	129
109	14. jan.	Gjaldskrá hafna í Austurbyggð – Fáskrúðsfjarðarhöfn og Stöðvarfjarðarhöfn .....	129-132
110	17. jan.	Auglýsing um deiliskipulag Suðurbyggðar, fbúðarhverfi B á Sel-fossi .....	132
111	13. jan.	Auglýsing um deiliskipulag frístundarbyggðar á Arnarstapa í Snæfellsbæ .....	132
112	14. jan.	Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Margrétar Björgólfsdóttur ...	133-134
113	17. jan.	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs á Álftanesi .....	134-136
114	18. jan.	Auglýsing um þá starfsmenn Sveitarfélagsins Árborgar sem ekki hafa verkfallsheimild, samkvæmt ákvæðum 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	136
115	11. jan.	Auglýsing um skrár Garðabæjar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	137
116	7. jan.	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Bólstaðarhlíðarhrepps, Sveinsstaðahrepps, Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps í eitt sveitarfélag .....	137-138
117	20. jan.	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 5/2005 um fresti til að skila framtölum og form framtala vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2005 á tekjur ársins 2004 og eignir í lok þess árs .....	138-140
118	24. jan.	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 6/2005 um gjaldstofn búnaðargjalds vegna rekstrarársins 2004 .....	140-141
119	19. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Húsavíkurbæ árið 2005 .....	142
120	24. jan.	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 7/2005 um framlengingu á fresti skattstjóra til að úrskurða kærur vegna álagningar opinberra gjalda lögaðila 2004 .....	142-143
121	27. jan.	Auglýsing um skrá Kópavogsbæjar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 .....	143
122	27. jan.	Auglýsing um skrá Skeggjastaðahrepps skv. 5.-8. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	144
123	18. jan.	Auglýsing um umferð í Reykjavík .....	144